



Óháð fréttablað á Vestfjörðum  
**BÆJARINS BESTA**

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: [www.bb.is](http://www.bb.is) · Verð kr. 400 m/vsk

Fimmtudagur  
5. mars 2009  
9. tbl. · 26. árg.

Háprýstipvottur  
Kjarnaborun  
Steinsögun

Sími: 456 6600

**VESTFIRSKIR  
VERKTAKAR**  
[www.vverk.is](http://www.vverk.is)

- Veitingar
- Skemmtun
- Lífandi tónlist
- Góð þjónusta

**KAFFI EDINBORG**  
Café · Restaurant · Bar  
[www.kaffiedinborg.is](http://www.kaffiedinborg.is)



# Ungt fólk

sem sneri aftur  
á heimaslóðir

– spjallað við Guðnýju Erlu Guðnadóttur og Róbert Hafsteinsson.  
**Sjá miðopnu**



Við flytjum allt ...  
... og ekkert er of stórt!

Eimskip-Flytjandi er með um  
80 afgreiðslustaði um land allt.  
Hvað getum við flutt fyrir þig?  
Hafðu samband og fáðu tilboð.

Eyrarskála 400 Ísafjörður Sími 525 7890 Fax 525 7899 [www.flytjandi.is](http://www.flytjandi.is)

**EIMSKIP**  
Flytjandi

# Nýbygging GÍ tilnefnd til menningarverðlauna DV

Nýbygging Grunnskólans á Ísafirði hefur verið tilnefnd til menningarverðlauna DV 2008. Einnig eru tilnefndar þjónustubygging KGRP við Gufuneskirkjugarð, Menntaskóli Borgarbyggðar, vígtarhúsið á Þorlákshöfn og Fuglasafn Sigurgeirs Stefánssonar á Ytri-Neslöndum í Mývatnssveit. Sterkir litir með hvítum flötum eru notaðir í nýbyggingu GÍ, að því fram kemur í DV. „...svo andrúmsloftið inni er glæðlegt og hæfir vel starfsminni. Skólahúsið er hjart og opið og tengist vel ytra umhverfi. Vel hefur tekist að tengja gamla skólann nýrri starfsemi án þess að bera friðað skólahúsið ofurlíði. Viðbyggingin er látlaus og hófstíllt og þjónar vel sínum tilgangi,“ segir í DV.

Nýbygging Grunnskólans á

Ísafirði er viðbygging við gamla skólahúsið við Aðalstræti, sem var byggt árið 1801 og er nú friðað. Nýbyggingin er jafnframt tenging við svonefndan Nýja barnaskóla sem stendur við Austurveg. Byggingin er niðurtáða samkeppni sem efnt var til árið 2001.


Nýbyggingin er dregin til baka frá götulínu Aðalstrætis og myndar tveggja hæða umgjörð um gamla skólann, sem er áfram helsta einkenni og ímynd skólans. Arkitektar hússins eru Arkitektó, Einar Ólafsson arkitekt FAÍ, en meðhöfundur samkeppnistilögunnar er Örn Þór Halldórsson, arkitekt FAÍ. Aðalverktakar voru Vestfirskir verktakar en ráðgjafar voru Tækniþjónusta Vestfjarða og VST.

– birgir@bb.is



Nýbygging Grunnskólans á Ísafirði.

## Haukur í horni: Sleggjan aftur í Framsókn?



**Kristinn H. genginn í Framsókn?** „Kristinn hefur setið á þingi fyrir Frjálslynda flokkinn frá síðustu kosningum en var þingmaður Framsóknarflokksins um árabil.“

## Vilja byggja reiðhöll

„Það ber enn mikið á milli. Við höldum okkur við þær niðurstöður sem Tækniþjónusta Vestfjarða lagði fyrir okkur en Ísafjarðarbær er ekki tilbúinn að samþykkja þá tölu,“ segir Marínó Hákonarson, formaður Hestamannafélagsins Hendingar, aðspurður hvort málalok væru í sjónmáli vegna ágreinings félagsins og bæjaryfirvalda um bætur á eignum félagsins að Búðartúni í Hnífsdal sem fóru undir framkvæmdasvæði við Bolungarvíkurgöng.

Tækniþjónusta Vestfjarða mat eignar á rúmar 36 milljónir króna miðað við byggingarvísitölu 13. maí 2008. Ótalið í úttekt Tækniþjónustunnar eru kennslugerði, vegslóðar, bílastæði, tungirðing og undirbúningur jarðvegs fyrir sáningu. Samkvæmt kostnaðarmati Hendingar eru þeir liðir metnir á rúmar níu milljónir króna. Því er mat eigna félagsins á Búðartúni 46,5 milljónir.

Marínó segir Hendingu vilja nýta peningana, sem það fær í bætur með frjálsum hætti. „Við höfum áhuga á því að byggja reiðhöll en bærinn vill í rauninni hafa puttana á því í hvað peningarnir fara, og við erum ósáttir við það. Við viljum ráðskast með peningana eins og við gerðum í byrjun þegar við lögðum þá í eignir Hendingar,“ segir Marínó.

# Fallið frá sameiningu heilbrigðisstofnana á Vestfjörðum

Fallið hefur verið frá sameiningu Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða og Heilbrigðisstofnunarinnar á Patreksfirði. Ögmundur Jónasson, heilbrigðisráðherra fundaði með sveitarstjórnarmönnum á norðanverðum Vestfjörðum og framkvæmdastjórn Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða fyrir helgi, og segir hann ákvörðunina tekna í samráði við heimamenn. „Við förum yfir niðurskurðinn og skipulagsbreytingarnar í heilbrigðiskerfinu þar sem ákvarðanir liggja fyrir um að Heilbrigðisstofnun Vestfjarða og Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði sameinist í eina stofnun. Eftir viðræður við forsvarsmenn á Patreksfirði og á Ísafirði, hafa menn efasemdir um ávinning sameiningarinnar. Þess vegna höfum við ákveðið að falla frá áformum þar að lútandi,“ segir Ögmundur.

Ögmundur segir einbeittan



Fjóröungssjúkrahúsið á Ísafirði.

vilja liggja gegn sameiningu stofnanna meðal Vestfirðinga og er stefna heilbrigðisráðuneytisins að gera ekkert nema í samráði og eftir vilja heimamanna. „Enda er það svo að ávinningur verður ekki nema hann byggist á raunsæi

og vilja manna. Það á ekki að keyra skipulagsbreytingar fram með reglustikuaðferðum sunnan heiða. Þeir sem kunna best að meta stöðu stofnananna eru þeir sem standa sjálfir í verkunum. Ég er mjög sáttur við niðurstöð-

una og tel hana hyggilega eins og sakir standa,“ segir Ögmundur. Hann segir ákvörðunina vera líkt og önnur manna verk í skipulagi samfélagsins. „Þar á allt að vera í stöðugu endurskipulagi og endurmótun og það á við

eins og svo margt annað. En það var mjög áriðandi að eyða óvissunni sem hefur ríkt og ég finn fyrir almennri ánægju með að virkja almanna vilja og hlusta á það sem heimamenn vilja gera,“ segir Ögmundur.

## 4000 bifreiðaeigendur sektaðir

Um fjögur þúsund bifreiðaeigendur, sem hafa ekki fært bifreiðar sínar til skoðunar á tilsettum tíma eiga von á bréfi frá sýslumanninum í Bolungarvík, sem inniheldur fimm-tán þúsund króna vanrækslugjald. Jónas Guðmundsson, sýslumaður segir ekki komið í ljós hvort fjölga þurfi starfsfólki á sýslumannsskrifstofunni vegna álagningar vanrækslugjalda en hann hefur látið hafa eftir sér að hann vonist til að tvo stöðugildi skapist við embættið vegna þessa.

Embættið hefur fjárheimildir til að ráða til sín starfsfólk og þær verða sóttar í Vestfjarðanefndina. Álagning vanrækslugjalds, sem berst til bifreiðaeigenda 1. apríl, er fyrir eigendur bifreiða sem hafa skráningarnúmer sem endar á núll og einum. Gjaldið er einnig lagt á sé ekki sinnt endurskoðun okutækis á réttum tíma.

Sé okutækið fært til skoðunar innan mánaðar frá álagningu gjaldsins skal það lækka í 7.500 krónur.



Ísafjörður.

## Hæsta sorphirðugjald á landinu

Ísafjarðarbær innheimtir hæsta sorphirðugjald á landinu, kr. 37.800 á íbúð, að því er fram kemur í verðlagseftirliti Alþýðusambands Íslands. Lægst er gjaldið í Mosfellsbæ og á Sel-tjarnarnesi, kr. 14.000,-, og er munurinn því 97%. ASÍ tók saman upplýsingar um breytingar á útsvari og álagningu fasteignagjalda í fimmtán fjölmennustu sveitarfélögum landsins. Í Hafnarfirði er gjaldið 14.300, í Árborg kr. 14.500 og í Garðabæ kr.

14.600. Sorphirðugjaldið hækkar milli ára í öllum sveitarfélögum nema í Reykjavík, Reykjanesbæ, Fljótisdalshéraði og Sel-tjarnarnesi. Mesta hækkingin er í Skagafirði þar sem gjaldið hækkar um 50% frá fyrra ári. Á Akranesi hækkar sorphirðugjaldið um 35%, á Akureyri um 23%, í Ísafjarðarbæ um 8% og í Mosfellsbæ um 22%.

Stefnt er að því að sveitarfélögin á Vestfjörðum starfi saman að sorphirðumálum. Á síðasta

fundi starfshóps Ísafjarðarbæjar um endurskoðun sorpmála mættu Elías Jónatansson bæjarstjóri í Bolungarvík og Ómar Már Jónsson sveitarstjóri í Súðavík auk þess sem Arnheiður Jónsdóttir og Ari Hafliðason frá Vesturbyggð tóku þátt í fundinum símlíðis. Rætt var um sorphirðumál og sorpeyðingu og samvinnu sveitarfélaganna á því sviði. Aðilar voru sammála um að sveitarfélögin á Vestfjörðum hafi samráð um sorpmál og láti vinna

svæðisáætlun.

Eins og kunnugt er var settur á stofn starfshópur um sorpmál Ísafjarðarbæjar á síðasta ári sem hefur það að markmiði að marka nýja stefnu sveitarfélagsins í þeim málum. Starfshópurinn skal horfa 10-15 ár fram í tímann í stefnumótuninni og taka tillit til nýrra aðferða við sorphirðu og sorpförgun, þar sem sjálfbær þróun og hagkvæmni er höfð að leiðarljósi.

— birgir@bb.is

# Smíðar sína eigin gítarmagnara

Stefán Freyr Baldursson er einn færasti gítarleikari sem Ísafjörður hefur alið af sér en það sem færri vita um kappann er áhugi hans á gítarmagnarasmíði og smíði á allskyns tólum og tækjum tengdum gítarleik. Hann smíðaði sinn fyrsta lampmagnara árið 2003 eftir rásarteikningu af Fendermagnara. Til gamans má geta að magnarinn seldist um daginn úr hljóðfærabúðinni Rín í Reykjavík en Magnús Eiríksson rekur þá verslun og gekk magnarinn ekki undir neinu öðru nafni en skókassinn hjá Magnúsi og vakti þó nokkra eftirtekt í versluninni. Magnarinn er þó nokkuð einfaldur að sögn Stefáns en aðeins er einn volume-takki á honum. Stefán er rafmagnsverkfræðingur að mennt og segir ekki flókið að smíða slíkan magnara með sína menntun. En hvað þarf Stefán til að smíða eitt stykki magnara?

„Það þarf viðnám, þetta, spenna, hátalara og ýmislegt fleira. Hljómurinn úr magnaranum ræðst af svo ótrúlega mörgum hlutum. Uppbygging rásar magnara, hvaða lampategund er notuð í hann og hvernig hátalarar eru notaðir svo eitthvað sé nefnt,“ segir Stefán.

– Hvernig lampar eru notaðir í svona magnara? Eru þetta sér gítarmagnaralampar?

„Þetta eru venjulegir rafeindalampar sem eru að mestu leyti úrelt fyrirbæri. Þeir eru þó ennþá ráðandi í öllum betri gítarmögnurum og sumum High fidelity (Hi-fi) hljómflutningsgræjum. Um miðja síðustu öld var byrjað að nota transistora í magnara sem eru mun léttari, fyrirferðarminni og þarfnast minna viðhalds en lamparnir. Enn sem komið er hafa menn ekki náð að smíða transistor magnara sem hljómar alveg eins og lampmagnari þó að menn komist sífellt nær því.“

– Hver er þessi stórkostlegi

munur á þessum tveimur afbrigðum af mögnurum?

„Munurinn liggur aðallega í bjöguninni á hljóðmerkinu. Í gítarmögnurum eru menn yfirleitt ekki að leita eftir hreinum og óbjöguðum hljómi, líkt og í hljómflutningstækjum, heldur sækjast þeir í bjögun og það virðist vera sem bjögun úr lampmagnara hljómi betur, a.m.k. í eyrum gítarleikara. Það skal þó viðurkennast að hluti af þessu eru einskonar trúarbrögð eins og hjá þeim sem vilja frekar hlusta á vinyl plötur í stað geisladiska.“

– Hvað hefur þú smíðað marga magnara?

„Ég hef smíðað tvo frá grunni og einn gerði ég upp.“

– Hvað varð til þess að þú ákvaðst að smíða þér magnara?

„Það var bara einskær áhugi á aðferðinni á bakvið magnarasmíðina.“



**Magnari sem Stefán bjó til og er nákvæm eftirlíking af Fender deluxe frá 1955-1960.**

– Og virkaði fyrsti magnarinn er þú kveiktir á honum í fyrsta skiptið?

„Já, enda fer ég vel yfir allar tengingar áður en ég kveiki á í fyrsta skiptið.“

– En seinni magnarinn sem þú smíðaðir. Var hann flóknari í smíðum en sá fyrr sem var frekar einfaldur?

„Hann er nákvæm eftirlíking af Fender deluxe frá 1955-1960 og er aðeins flóknari og aflmeiri.“

Kassinn utan um hann er úr gegnheilli furu, klæddur með lökkuðu tweed-áklæði og er allt efnið í honum eins og hann var upprunalega, með kolaviðnámum og tau-einangruðum vírum.“

– En frá rafmagnsgítarnum er snúra sem tengist í magnarann. Fólk veltir því oft fyrir sér hvernig hljóðið fer í gegnum snúruna og fram-



**Fyrsti magnarinn sem Stefán smíðaði og gengur undir nafninu Skókassinn.**

kallar hljóð í magnaranum. Hvernig flyst hljóðið í gegnum snúruna?

„Það sem á sér stað er að „pick-up-armir“ á gítarnum breyta titringnum úr strengjunum í rafmagn og það er í rauninni það sem þú magnar upp. Þú ert í rauninni ekki að nema hljóðið úr strengjunum heldur einungis hvernig þeir hreyfast. Þegar þeir hreyfast verður til spenna sem fer úr gítarnum í snúruna og frá snúrunni í magnarann sem magnar spennuna margfalt þannig að hún verði nógu öflug til að hreyfa hátalarann og hátalarinn hreyfir loftið og býr til hljóð, í mjög einfaldri mynd skulum við segja,“ segir Stefán.

–Svo ertu búinn að gera gítarpedal úr gömlu myndbandstæki?

„Já, það er rétt. Flestir íhlutirnir innan úr honum eru úr gömlu videotæki. Aðalmagnarinn í þessum pedal er sá sami og var í video-tæk-



# Gefur út plötu með vorinu

Ísfrski tónlistarmaðurinn Birgir Orn Sigurjónsson gefur út sólóplötu með frumsomdu efni með vorinu. Birgir Orn tekur plötuna upp í hljóðverinu Tanknum í Onundarfirði. Hann segir tónlistina eiga heima í popp/rokk skúffunni og nokkrir af hans vinum spili inn á plötuna, en verkefnið ber vinnuheit- ið Rishia. „Ég hef verið að semja tónlist í morg á og alltaf stefnt að því að gefa út en alltaf hefur eitthvað komið í veg fyrir að það hafi verið hægt. Enda þurfa margir endar á ná saman svo verkefnið gangi upp. Ég hef lítið verið að koma fram upp á síðkastið og hef aðallega verið að leika mér við tónsmíðar heimavið. Ég sótti um tvo styrki til útgáfunnar á síðasta ári og fékk þá frá Menningarráði Vestfjarða og Ísafjarðarbæ og má segja að það hafi verið sparkið sem ég þurfti til að fara af stað með



**Birgir Orn Sigurjónsson.**  
 þetta,“ segir Birgir Orn. Aðspurður hvort hann ætli að halda tónleika þar sem hann leikur efnið segist hann hafa sótt um á Aldrei fór ég suður og vonist eftir að fá að spila þar.  
 – birgir@bb.is



**Gítarpedallinn sem Stefán bjó til úr myndbandstæki.**

inu. Hann er sá sami og var notaður upprunalega í svona pedala.“

– Hefur einhver af þessum græjum meira tilfinningalegt gildi heldur en aðrar?

„Það er kannski helst pedallinn sem er úr video-tækinu. Stillitakkarnir sem eru á honum gerði ég sem verkefni í grunndeild rafíðna og díóðurnar sem framkalla bjögunina eru úr gömlu útvarpstæki sem ég hirti af haug-

unum. Miðað við það þá er þetta bara fjandi góður pedall.“

– En hvernig tilfinning er það að vera með græjur upp á sviði sem þú smíðaðir sjálfur og hljóma jafn vel, ef ekki betur, en græjur frá þekktum framleiðendum?

„Það er bara mjög skemmtilegt,“ segir Stefán Freyr Baldursson, gítarleikari, rafmagnsverkfræðingur og magnarasmíður.

– birgir@bb.is



Varla er glugga að finna á bakhlíð hússins sem ekki er brotinn.

## Herkastalinn hefur aldrei verið hrörlegri

Hrörlegt ástand Herkastalans við Mánagötu á Ísafirði veldur nágrönnum hans áhyggjum, sérstaklega þegar vindasamt er, því mikil hætta er á að þakplötur og annað lauslegt fjúki af húsinu og lendi á fólki eða eignum. Herkastalinn hefur sjaldan eða aldrei litið verr út. Bernharð Hjaltalín eignaðist allt húsið í mars 2006 og var lofað betrubót á ástandi þess eins fljótt og unnt var. Ekkert hefur hins vegar orðið um efndir. Anna Guðrún Gylfadóttir, byggingarfulltrúi Ísafjarðarbæjar, segir sveitarfélagið einungis geta sent eigendum húseigna ábendingu um að lagfæra eignir. Fari þeir ekki eftir til-mælum sveitarfélagsins varðandi framkvæmdir eða framkvæmi án leyfis geti það beitt

viðkomandi dagsektum. Hún segist hafa fregnað að fjöldi fólks hafi hugsað um að kaupa Herkastalann en það hafi ekki gengið eftir.

Anna Guðrún segist fá ábendingar um hrörlegt ástand húsa og bendir fólki á að hafa samband við sig ef það hefur eitthvað út á umhverfið að setja. Hún nefnir sem dæmi að Ísafjarðarbær hafi haft samband við Landsbankann er múrklæðning tók að hrynja af Gamla apótekinu á Ísafirði. Bankinn sendi menn að daginn eftir til að festa klæðninguna.

Bygging Herkastalans hófst

árið 1920. Það er 533 fermetrar að stærð auk 95 fermetra samkomusalar. Hjálpræðisherinn reisti húsið og árið 1922 var stofnsett í kjallara þess „gamalmennahæli“ og var það fyrsta dvalarheimili aldraðra á Íslandi. Síðar rak Hjálpræðisherinn um áratuga skeið gisti- og sjómannaheimili í húsinu en um tíma var þar einnig heimavist Menntaskólans á Ísafirði. Öflugt safnaðarstarf var rekið í húsinu um margra áratuga skeið. Samkvæmt upplýsingum blaðsins býr einn einstaklingur í Herkastalanum.

**Húsið hefur sjaldan eða aldrei litið verr út.**



## Spurningin

Heldur þú í þá hefðir að borða rjómaþellur á bolludag og saltkjöt á sprengidag?

Alls svöruðu 761.  
Já sögðu 687 eða 90%  
Nei sögðu 74 eða 10%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

## Helgarveðrið

**Horfur á föstudag:** Norðlæg eða breytileg átt og dálítill ég víða um land, síst þó SV-lands. Kalt í veðri. **Horfur á laugardag:** Norðlæg eða breytileg átt og dálítill ég víða um land, síst þó SV-lands. Kalt í veðri. **Horfur á sunnudag:** Útlit fyrir norðanátt með snjókomu N- og austanlands.

## Gerist áskrifendur í síma

**456 4560.**

**Það er mun ódýrara!**

**Útgefandi:**  
H-print ehf.,  
kt. 600690-1169,  
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður,  
sími 456 4560, fax 456 4564

**Ritstjóri:**  
Sigurjón J. Sigurðsson,  
sími 892 5362, [bb@bb.is](mailto:bb@bb.is)

**Blaðamenn:**  
Thelma Hjaltadóttir,  
símar 456 4693 og 849  
8699, [thelma@bb.is](mailto:thelma@bb.is)  
Birgir Olgeirsson, símar  
456 4560 og 867 7802,  
[birgir@bb.is](mailto:birgir@bb.is)

**Ritstjóri netútgáfu bb.is:**  
Sigurjón J. Sigurðsson

**Ljósmyndari:**  
Halldór Sveinbjörnsson, sími  
894 6125, [halldor@bb.is](mailto:halldor@bb.is).

**Ábyrgðarmenn:**  
Sigurjón J. Sigurðsson  
og Halldór Sveinbjörnsson  
Lausasólverð er kr. 400  
eintakið með vsk. Veittur er  
afsláttur til elli- og örorku-  
lífeyrisþega. Einnig sé greitt  
með greiðslukorti.

**Önnur útgáfa:**  
Ferðablaðið  
Á ferð um Vestfirði.  
**ISSN 1670 - 021X**



Átján milljónir fara í Byggðasafn Vestfjarða í Neðstakaupstað.

# Tæplega 65 milljónir í fjárfestingar hjá Ísafjarðarbæ

Gert er ráð fyrir 64 milljónum króna í áætlaðar fjárfestingar Ísafjarðarbæjar í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2009. Hlutur Ísafjarðarbæjar í þeim fjárfestingum er 31 milljón króna. Þyngst vegur þar fráveitu-útrás í Fjarðarstræti á Ísafirði sem nemur 7,4 milljónum króna og gatnagerð á Flateyri í tengslum við sjóstangaveiðihverfi en kostnaður við það verk hljóðar upp á

6,8 milljónir. Sömuleiðis verður ráðist í gatnagerð á Suðureyri og nema þær framkvæmdir 5,4 milljónum. Þá er áætlað að 5,9 milljónir fari í tölvmál bæjarins og tvær milljónir í ófyrirséðar framkvæmdir á umhverfissviði.

Framkvæmdir sem ríkið kemur að hljóða upp á 33 milljónir króna. Þar vegur lóðafrágangur við dvalarheimilið Tjörn á Þingeyri hæst eða 10,8 milljónir króna

og þar af er hlutur Ísafjarðarbæjar 800.000 krónur. Undirbúningur vegna sjóflóðavarna undir Gleid-arhjalla hljóðar upp á 10 milljónir króna en þar af er hlutur Ísafjarðarbæjar 1 milljón króna. Þá fara 8,4 milljónir króna í sjóvörn á Þingeyri þar sem hlutur Ísafjarðarbæjar er rúm 1 milljón og 2,6 milljónir í sjóvörn í Skutulsfirði þar sem Ísafjarðarbær borgar 330.000 krónur. 5 milljónir fara

í undirbúning vegna snjóflóðavarna í Kubba og þar af er hlutur Ísafjarðarbæjar 500.000 krónur.

Samtals hljóða verkefni í Ísafjarðarbæ hljóða upp á 157 milljónir króna.

Auk 64 milljónanna fara 52 milljónir, 23 milljónir í Fasteignir Ísafjarðarbæjar og 18 milljónir í Byggðasafn Vestfjarða í Neðstakaupstað.

– [thelma@bb.is](mailto:thelma@bb.is)

## Ritstjórnargrein

# Æ sér gjöf til gjalda

Fátt er ofar í umræðunni en nauðsyn nýrra pólitískra leiðtoga; samhljómur um að nýir vendir sópi best. Ber þó við að reynt sé að dusta rykið af gömlum höttum og týndir rati heim. Við blasir meira framboð en eftirspurn í komandi kosningum. Ljósíð í myrkrinu hlýtur því að vera trúin á að þrátt fyrir allt amstrið sé eftir vænni flis að sækjast ná menn í hús við fótstall frelsishetjunnar, steyptri í eir (eins og skáldið orðaði það).

Opinbert leyndarmál er að þegar að hagsmunagæslu stjórnmálanna kemur hafa flokksbönd ekki skipt máli. Tilskipanir „pólitískra andstæðinga“ (að ógleymdum „vinum“ og „gæðingum“ af ýmsum toga) í stöður bankastjóra og sendiherra út um allar trissur bera því vitni. Það verður þó að segjast eins og er að til þess að njóta náðarinnar þurftu menn að hafa komist all ofarlega í hinum pólitíska met-orðastiga, þótt undantekningar finnast, sem í öðru.

Til hliðar við nokkuð samhljóma þjóðkór sem nú krefst vinnubragða á hinu háa Alþingi í þá veru að þjóðinni sé skilmerkilega og undanbragðalaust greint frá stöðu mála, eins og þau eru hverju, sinni heyrast þó öðru hvoru hjáróma raddir. Ein slík lét á sér kræla í Fréttablaðinu 28. febrúar s.l. en þar upplýsir Halldór Blöndal, fyrrv. ráðherra og forseti Alþingis og fráfarandi formaður bankaráðs Seðlabankans, að „Jóhanna átti skjól í Davíð“ og fór ekki á milli mála hver sú Jóhanna var sem hyllinnar naut. BB lætur mat þessa

fyrirverandi stjórnmálamanns á umdeildum lögum um Seðlabankann sig engu varða. En í framhaldi þess að hann undrar sig á framgöngu Jóhönnu, er haft eftir honum: „Davíð reyndist Jóhönnu mjög vel þegar við sátum saman í ríkisstjórn og þeir Jón Baldvin Hannibalsson, Jón Sigurðsson og Sighvatur Björgvinsson voru að reyna að flæma hana úr stjórninni. Þá átti hún mikið skjól í Davíð Oddssyni.“

Til að taka af allan vafa þá varðar BB ekkert um vandamál innan Alþýðuflokksins (sáluga?) eða annarra flokka. Af ummælum Halldórs Blöndal verður hins vegar ekki dregin önnur ályktun en sú, að Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra, hafi átt Davíð gjöf að gjalda en þegar á reyndi hafi sannast hið fornkeðna að „Sjaldan launar kálfur ofeldi.“

Það ætlast enginn til að stjórnmálamenn líti á pólitíska andstæðina sem „óvini.“ Skoðanaágreiningur er eðlilegur og sjálfsagður. Og fáir draga í efa vilja stjórnmálamanna til að láta gott af sér leiða, þrátt fyrir mýmörg dæmi um misráðnar lagasetningar, sem þjóðin hefur orðið að súpa seiðið af.

Við upphaf nýrra tíma, sem vonandi koma í kjölfar bankahrunsins, verður ætlast til þess að þingmenn kasti persónulegri hagsmunafyrirgreiðslu við hvern annan á haugana. Það er ein af mörgum mikilvægum leiðum til að endurvefja traust almennings á Alþingi Íslendinga.

s.h.



# Vilja kanna ávinning af sameiningu

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar tekur jákvætt í að hefja athugun á samfélagslegum og hagrænum ávinningi af því að sveitarfélögin á norðanverðum Vestfjörðum verði sameinuð. Á bæjarráðsfundi í síðustu viku var tekið fyrir erindi samgönguráðherra þar sem sveitarfélögin við Djúp eru hvött til að til að kanna ávinning af því að þau verði sameinuð. Var það sent til bæjaryfirvalda umræddra bæjaryfirvalda í kjölfar viðræðna á fundi bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkurkaupstaðar um miðjan mánuð þar sem ræddar voru forsendur fyrir frekari sameiningu sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum.

Að mati samgönguráðherra mun tilkoma Bolungarvíkur-ganga sumarið 2010 skapa gerbreyttar forsendur fyrir frekari framþróun og eflingu sveitarstjórnarstigsins á svæðinu. Hann telur að sameining Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkur yrði mjög áhugaverður kostur í því skyni að efla sveitarstjórnarstigið. Slík sameining væri auk þess

eðlilegt framhald á þeim sameiningum sveitarfélaga sem átt hafa sér stað á norðanverðum Vestfjörðum á umliðnum árum í kjölfar samgöngubóta.

Í öðru lagi telur ráðherra að við sameiningu sveitarfélaganna skapist tækifæri til að skjóta styrkari stoðum undir þjónustu við íbúanna, svo sem með yfirfærslu nýrra verkefna frá ríki og sveitarfélaga, t.d. á sviði samgöngumála og félagsþjónustu. Á umræddum fundi var rætt um möguleika þess að skapa ný störf á svæðinu í tengslum við sameiningu, en bæjarstjórnir lögðu m.a. áherslu á að opinberum störfum yrði fjölgað.

Í þriðja lagi telur ráðherra sameiningu skapa tækifæri til margskonar endurskiplagningar á rekstri og stjórnarsýslu sveitarfélaganna, svo sem með aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á grundvelli þeirra reglna sem um framlög sjóðsins gilda. Ráðherra minnti á að ein af þeim tillögum sem eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga setur í tengslum

við fjárhagslega endurskiplagningu Bolungarvíkurkaupstaðar, að athugun á sameiningu fari fram. Þá var rætt um möguleika þess að koma á fót tilrauna-verkefni í stjórnarsýslu samhliða sameiningu.

„Í ljósi jákvæðra umræðna sem

fram fóru á fundinum og sameiginlegs vilja um að efla sveitarstjórnarstigið á svæðinu leggur samgönguráðherra til að Ísafjarðarbær og Bolungarvíkurkaupstaður sameinist um að hefja athugun á samfélagslegum og hagrænum ávinningi á því að svei-

arfélögin verði sameinuð. Jafnframt leggur ráðherra til að Súðavíkurhreppi verði boðin þátttaka,“ segir í bréfi samgönguráðherra. Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur falið bæjarstjóra að svara erindinu.

– thelma@bb.is

## Rannsaka lífríki Ísafjarðardjúps

Náttúrustofa Vestfjarða hefur í samstarfi við innlenda og erlenda vísindamenn fengið vísindastyrk til rannsókna á lífríki Ísafjarðardjúps. „Um er að ræða samvinnuverkefni Matis og Nave ásamt fleiri aðilum þar sem við erum að kanna líffræðilegar aðstæður í þessum fjörðum og hvernig þeir standa umhverfislega. Við munum til að mynda kanna hvar kreppt gæti að þeim vegna t.d. fiskeldis, mengunar frá bæjum, landbúnaðar og hvers sem er“, segir dr. Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður Náttúrustofunnar. Rannsóknirnar felast í skipulegri sýnatöku og eru hugsaðar sem þriggja ára verkefni. Styrkurinn fjármagnar fyrsta árið. „Við erum ekki farin af stað en erum að gera áætlanir um hvern-

ig verði staðið að þessu. Við byrjum bráðlega á þessu.“

Þorleifur segir styrkveitinguna vera mjög góðar fréttir fyrir stofuna. „Við höfum lengi sótt um og leitað eftir fjármagni á þessu verkefni og þetta er mjög góð byrjun á stóru máli. Það vantar heildarúttektir á lífríki þessara fjarða. Nauðsynlegt er að hafa þessar grunnupplýsingar til að skipuleggja nýtingu svæðisins og til að vita hvaða hættur eru til staðar. Auk þess eru þær mjög áhugaverðar vísindalega séð.“

Náttúrustofa Vestfjarða hóf starfsemi í ársbyrjun 1997. Hún er alhliða rannsóknar- og þjónustustofnun í náttúrufræðum á Vestfjörðum. Hún er rekin af sveitarfélögum á Vestfjörðum með stuðningi ríkisins.

# Bóthildur

— ókeypis fyrir félagsmenn Verk Vest



Í framhaldi af námskeiðum sem Verkalýðsfélag Vestfirðinga hefur staðið fyrir um fjármál heimilanna, hefur félagið nú fest kaup á nokkru magni af bókhaldsforritinu BÓTHILDI. Félagar í Verkalýðsfélagi Vestfirðinga geta nú fengið forritið sér að kostnaðarlausu á skrifstofu félagsins. Þeir sem ekki komast á skrifstofuna, geta fengið það sent í pósti.

*Bóthildur*  
*Heimilisbókhald*


Fræðslumiðstöð Vestfjarða verður með námskeið í notkun forritsins dagana 17. og 31. mars og 21. apríl nk. Öll viljum við hafa betri yfirsýn yfir fjármál heimilanna og eru félagsmenn hvattir til að nýta sér námskeiðið til þess. Félagið minnir á að í gegnum fræðslusjóði sem félagið er aðili að, er hægt að sækja um endurgreiðslu á námskeiðskostnaði.



## Ungmennaráð stofnað

Íprótta- og tómsundanevnd Ísafjarðarbæjar hefur lagt til að ungmennaráð verði stofnað í sveitarfélaginu og skipað sjö ungmennum. Samkvæmt tillögu nefndarinnar verður ráðið skipað Aldísi Þórunni Bjarnadóttur, Jóhönnu Stefánsdóttur, Júlíu Ósk Bjarnadóttur, Klöru Alexöndru Birgisdóttur, Maríu Rebekku Hermannsdóttur, Páli Sólmundi H. Eydal og Þorgeir Jónssyni.

Árið 2007 tóku gildi ný æskulýðslög en þar er að finna nýtt ákvæði, þar sem fram kemur að sveitarstjórnunum beri að hlutast til um að stofnuð sé sérstök ungmennaráð. Hlutverk ráðsins er m.a. að vera sveitarstjórnun til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi. Sveitarstjórnirnar sjálfar eiga síðan að setja sér nánari reglur um hlutverk og val í ungmennaráðið.



## Ráða ekki í laus störf

Ísafjarðarbær reynir eftir fremsta megni að ráða ekki í störf sem losna hjá bænum heldur er reynt að færa þau verkefni yfir á aðra starfsmenn sveitarfélagsins. Halldór Halldórsson, bæjarstjóri, segir sveitarfélagið vilja gera sem minnst af því að segja upp starfsfólki og ætli því að reiða sig á starfsmannaveltu. Einum starfsmanni hefur verið sagt upp hjá Ísafjarðarbæ, framkvæmdastjóra Fasteigna Ísafjarðarbæjar, en Halldór segir Ísafjarðarbæ ætla að halda hlutafélaginu og færa verkefni til bæjarskrifstofunnar þar sem verkefni framkvæmdastjórans verður sinnt af bæjarritarar og bæjarstjóra.



## Inn að beini

### Birna Lárusdóttir, bæjarfulltrúi, fjolmiðlafræðingur og húsmóðir

Birna Lárusdóttir hefur látið að sér kveða í pólitíkinni en hún hefur starfað að stjórnárum undir merkjum Sjálfstæðisflokksins í rúman áratug, fyrst og fremst á sveitarstjórnarstiginu, en einnig á landsvísu. Hún starfaði einnig um nokkurra ára skeið sem fréttamaður Ríkisútvarpsins á Ísafirði og fréttaritari Rúv í Noregi. Hún hefur sinnt fjolmorgum nefndastörfum í gegnum tíðina, bæði í héraði og á landsvísu, og er t.a.m. formaður skólanefndar Menntaskólans á Ísafirði og varaformaður Fjórðungssambands Vestfirðinga.

#### Afdrifarikasta ákvörðun lífs þíns?

Það hlýtur að vera þegar ég ákvað að prófa að búa á Ísafirði í eitt ár. Það reyndist mjög afdrifaríkt því hér er ég enn, á mann, fjögur börn og er á bólakafi í pólitík.

#### Hvar langar þig helst að búa?

Á Ísafirði.

#### Hver var hamingjusamasta stund lífs þíns?

Þegar Hekla, frumburðurinn minn, kom í heiminn.

#### Mestu vonbrigði lífs þíns?

Að vera ekki í meira sambandi við pabba minn áður en hann lést.

#### Mesta uppgotvunin í lífi þínu?

Vestfirðir í öllu sínu veldi.

#### Uppáhaldslagið?

Hmmm... „Hvem vet“ með sænsku söngkonunni Lizu Ekdahl. Kemur mér alltaf í gott skap.

#### Uppáhaldskvikmyndin?

Babel – bandarísk bíómynd sem ég man ekki hver leikstýrði. Stórmynd að mínu mati.

#### Uppáhaldsbókin?

„Þar sem vegurinn endar“ eftir Hrafn Jökulsson.

#### Ógleymanlegasta ferðalagið?

Velheppnuð Ítalíuferð fjölskyldunnar í fyrirasumar er enn í fersku minni.

#### Uppáhaldsborgin?

Seattle í Washingtonríki í Bandaríkjunum. Var þar í námi í fjögur ár. Hreint frábær borg.

#### Besta gjofin?

Fartölvan sem Lalli (maðurinn minn) gaf mér fyrir nokkrum jólum. Þvílíkt þarfþing!

#### Telur þú að líf sé á öðrum hnöttum?

Var einmitt að ræða þetta við frumburðinn um daginn og við teljum að það hljóti bara að vera.

#### Hvaða hlut geturðu alls ekki verið án?

Gemsans!

#### Fyrsta starfið?

Fyrsta launaseðilinn fékk ég í Vinnuskóla Reykjavíkur 14 ára. Fyrsta starfið eftir nám var fréttamannsstaða hjá Rúv á Ísafirði.

#### Draumastarfið?

Mig langaði alltaf að verða leikari og reyndi við Leiklistarskólann á sínum tíma og svo fannst mér fjolmiðlastarfið mjög skemmtilegt. Ætli starf pólitíkusa sé ekki ágæt blanda af þessu tvennu!

#### Hvaða frægu manneskju hefur þér verið líkt við?

Man ekki til þess að mér hafi verið líkt við neinn ákveðinn. Það

koma allavega engar frægar kvikmyndastjörnur upp í hugann.

#### Fallegasti staðurinn á Íslandi?

Erfið spurning en ef ég ætti að velja stað í óbyggðum þá verður útsýnið ofan af Drangajökli í sól og blíðu seint toppað.

#### Sköndnasta upplifun þín?

Þegar ég gekk uppá Breiðadalshéið og renndi mér á rassinum niður Kinnina með blómaskreytingar í kassa, en bæði ég og blómin þurftum að komast á þorrablót á Þingeyri þá um kvöldið.

#### Aðaláhugamálið?

Ferðalög hafa alltaf verið fyrirferðarmikið áhugamál en í seinni tíð sogast maður inni áhugamál barnanna þannig að nú er það skíðaípróttin sem stendur uppúr líkt og þegar ég var sjálf barn og unglingur.

#### Besta vefsíðan að þínu mati?

Andriki.is. Ómissandi mótvægi við annars einsleita fjolmiðlaumræðu á Íslandi.

#### Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?

Flugfreyja!

#### Hver er þinn helsti kostur að þínu mati?

Tek lífinu máttulega alvarlega, get samt verið skipulögð og er fljót að laga mig að breyttum aðstæðum.

#### En helsti lostur?

Uppstökk og löt þegar sá gállinn er á mér... og helst til dómhörð á köflum.

#### Besta farartækið?

Bíllinn - veit ekki hvernig maður færi að án hans.

#### Hver er uppáhaldshátíðardagurinn þinn?

Aðfangadagur.

#### Til hvaða manneskju lítur þú mest upp til?

Það koma svo margir áhrifavaldar upp í hugann að ég get ómögulega gert uppá milli þeirra.

Ef þú mættir heita hvað sem er, hvað myndirðu heita? Í dag myndi ég sættast ágætlega á Birnunafnið þótt mér hafi nú fundist lítið í það varið þegar ég var krakki.

#### Á hvaða tíma sólarhrings kanntu best við þig?

Þegar ég var yngri var ég mikil kvöldmaneskja en þetta hefur breyst og nú finnst mér tímarnir f yrir hádegi bestir. Ég kem mestu í verk þá.

#### Í hvaða stjörnumerki ertu?

Fiskunum.

#### Lífsmottóið þitt?

Að njóta augnabliksins... eða eins og betri helmingurinn segir gjarnan: „Hamingjan er núna!“



# Mikilvægt að viðhalda öflugu menningarlífi í Ísafjarðarbæ

Mikilvægt er að Ísafjarðarbær haldi sínum sessi sem menningarbær að því er fram kemur í drögum að nýju aðalskipulagi sveitarfélagsins. „Það gefur sveitarfélaginu jákvæða ímynd og getur haft veruleg áhrif á val einstaklinga um búsetu sem og liðan þeirra sem hér búa. Öflugt menningarstarf hefur einnig jákvæð áhrif á atvinnulíf og eru tónlistar- og leiklistarhátíðir sem hér eru haldnar gott dæmi um það. Í Ísafjarðarbæ er fjölmenningsleg samfélag og ber að endurspeglja það í menningarstarfsemi bæjarins“, segir í greinar-

gerð með aðalskipulagsdrögum.

Þar kemur fram að ekki er sérstök þörf á nýjum byggingum fyrir menningarstarfsemi, heldur sé mikilvægt að standa vörð um þá starfsemi sem þegar er og hlúa að nýjum hugmyndum. Einnig er mikilvægt að menningarstarfsemi geti nýtt sér verðmætin sem liggja í gömlu byggðunum sem eru einkennandi fyrir sveitarfélagið. Mikill akkur getur verið í að tengja starfsemi við sögufræg eða vernduð hús, segir í greinargerðinni.

Eitt nýtt hús er í byggingu sem

hýsa á hluta safnastarfseminnar. Gert er ráð fyrir að safnasvæðið stækki verulega til suðurs og rúmi ma. Bátasafn Íslands þar sem aðstaða verði einnig til viðgerða og handleiðslu í endurgerð gamalla báta. Gert er ráð fyrir að safnasvæðið myndi heildstætt svæði þar sem sjórinn, fjaran og útivist eru hluti af lykilkáttum þess, sbr. kafla 10 útivist, opin svæði og íþróttir.

Á safnasvæðinu á Oddanum á Þingeyri er gert ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu í anda vikingatímans. Þar er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir vikingaskip sem

sigla um fjörðinn með farþega. Ekki er þó gert ráð fyrir hafnar- aðstöðu heldur verði aðstaðan í anda tímans sem miðað er við. Gert er ráð fyrir sterki tengingu milli þessa svæðis og aðliggjandi útivistarsvæða og að skil milli þeirra verði ekki skýr.

„Ísafjarðarbær er þekktur fyrir öflugt menningarlíf en hann á sér langa sögu sem slíkur. Sem dæmi má nefna Litla leikklúbbinn, Sunnukórinn og karlakór sem hafa starfað í áratugi en Sunnukórinn var stofnaður 1934. Kómediuleikhúsið er atvinnuleikhús sem stendur m.a. fyrir

einleikjahátíð á hverju sumri. Mikið er um tónleikahald í bænum og má þar nefna Rokkhátíð alþýðunnar“, segir í greinargerðinni.

Menningar- og safnahús í Ísafjarðarbæ eru eftirfarandi: Safnahúsið á Eyrartúni, Menningarmiðstöðin Edinborg, Tónleikasalurinn Hamrar, Alþýðuhúsið á Ísafirði, Safnahúsin í Neðstikaupstað, Víkingasvæðið á Þingeyri, Félagshemilið á Þingeyri, Verslunin Bræðurnir Eyjólfsson, Gamla kaupfélagið og félagshemilin á í sveitarfélaginu.

– [thelma@bb.is](mailto:thelma@bb.is)



Höfuðstöðvar Orkubús Vestfjarða á Ísafirði.

## Orkubú Vestfjarða hækkar verðskrár fyrir dreifingu raforku

Á fundi stjórnar Orkubús Vestfjarða ohf. þann 28. janúar s.l. var ákveðið að hækka verðskrár Orkubús Vestfjarða fyrir dreifingu raforku að jafnaði um 13% frá og með 1. mars. Tengigjöld verða óbreytt að sinni. Helsta breyting í uppbyggingu gjaldskrár er að tveggja þrepa verðlagningu dreifingar orkunnar er hætt og fast árlegt gjald hækkað til að mæta tekjutapi ásamt hækkuun á ódýrara þrepinu sem eftir breytingu nær til allrar orku. Hækkun þessi er rökstudd með vísan til verðlagshækkana frá síðustu breytingu verðskrárinnar 1/8 2008. Vísitala byggingarkostnaðar hefur hækkað um

23,6% síðustu 6 mánuði og vísitala neysluverðs um 8,4% og verðbólga síðustu 12 mánaða mælist rúm 18%. Þá er einnig bent á á undanförunum árum hefur Orkubú Vestfjarða aðeins nýtt um 90% af tekjuramma sínum fyrir dreifingu raforku.

Á fyrrgreindum fundi stjórnar Orkubús Vestfjarða var ennfremur gerð svofelld bókun: „Með raforkulögunum var heimilað að skipta dreifiveituvæðum raforku í dreifbýli og þéttbýli. Þessi uppskipting hafði það í för með sér að notendur í dreifbýli greiða umtalsvert herra gjald vegna raforkudreifingar en notendur í þéttbýli. Við setningu raforkulaga

var því heitið af stjórnvöldum að niðurgreiða að fullu þann kostnaðarmun sem hlýst óhjákvæmilega af því að dreifa rafmagni um strjálbýlli svæði. Við það hefur ekki verið staðið. Með 13% hækkun verðskrár Orkubús Vestfjarða fyrir raforkudreifingu mun þessi munur aukast enn. Stjórn OV fer fram á að þessi munur verði jafnaður með auknum niðurgreiðslum úr ríkissjóði og þannig staðið við gefin fyrirheit stjórnvalda.“

Þann 1. mars hækkuðu niðurgreiðslur vegna raforkudreifingar í dreifbýli úr 0,88 kr/kWh í 0,93 kr/kWh. Á fundinum var þess jafnframt óskað að við ákvörðun

á niðurgreiðslum raforku til húshitunar verði tekið mið af hinni nýju gjaldskrá og niðurgreiðslurnar hækkaðar á veituvæði Orkubús Vestfjarða. Orkubúinu hafa ekki borist upplýsingar um breytingu á niðurgreiðslum raforku til húshitunar. Þar sem orkuverðspátturinn er óbreyttur hefur þessi hækkun á dreifingunni þau áhrif að heildarreikningur fyrir raforku og dreifingu hækkar um tæp 7% hjá þeim sem ekki njóta niðurgreiðslna. Vegna þess að niðurgreiðslur hækka ekki til jafns við hækkun verðskrár verður hlutfallsleg hækkun þeirra sem njóta niðurgreiðslu hærri.

## Tvö þúsund eintök seld af Bóthildi

Um tvö þúsund eintök hafa seld af heimilisbókhaldsforritinu Bóthildi sem Súðvíkingurinn Þorsteinn Örn Gestsson hannaði. Hann segir árangurinn framar öllum vonum en hann átti ekki von á að selja svo mikið magn á einu ári, en hann náði sölumarkmiðinu á tveimur mánuðum. Hann segir sveitarfélög, Verkalýðsfélag Vestfirðinga og Rafiðnaðarsambandið vera stærstu viðskiptavinina en Rafiðnaðarsambandið hefur keypt um helming af því magni sem hefur seld. „Notendur kerfisins hafa tekið því vel. Það hafa komið nokkrar ábendingar hvað betur megi fara og ég hef gert lagfæringar á því, en almennt eru allir sáttir við það,“ segir Þorsteinn Örn.

Þorsteinn fékk hugmyndina að forritinu í október er hann ætlaði að finna bókhaldsforrit sem hentaði sér en ekkert af þeim forritum sem voru til uppfylltu körfu Þorsteins. Úr varð Bóthildur og hefur hugmyndin undið upp á sig síðan þá. Forritið er sett upp í Windows umhverfi og er haft að leiðarljósi að það sé auðvelt að læra á það og nota. Markmiðið með notkun kerfisins er að vera meðvitaður um útgjöld heimilisins og lækka útgjöld sem er hægt að lækka.

– [birgir@bb.is](mailto:birgir@bb.is)

# Ungt fólk

## sem sneri aftur á heimaslóðir

– spjallað við Guðnýju Erlu Guðnadóttur og Róbert Hafsteinsson

Oft er haft á orði að það sé allt of sjaldgæft að ungt og efnilegt fólk, sem fer í burtu til langskólanáms, skili sér aftur á heimaslóðir fyrir vestan. Hjónin Guðný Erla Guðnadóttir frá Suðureyri og Róbert Hafsteinsson frá Ísafirði eru dæmi um fólk sem kom aftur heim að loknu longu námi bæði syðra og erlendis. Þau komu aftur vestur og settust að á Ísafirði sumarið 2005 og una hag sínum ákaflega vel ásamt bornum sínum tveimur í nánd við foreldra sína. Þeim finnst gott að hafa fjölskyldur sínar í næsta nágrenni og meta það mikils að krakkarnir skuli geta umgengist ommur sínar og afa. Raunar þakka þau sínum sæla fyrir að hafa einmitt ákveðið að koma vestur í stað þess að leita frama annars staðar. Og ekki verður annað sagt en þau hafi fengið góð storf hér heima. Róbert er verkefnastjóri hjá útibúi Matís á Ísafirði og Guðný Erla er viðskiptastjóri á fyrirtækjasviði hjá Glitni á Ísafirði og staðgengill útíbússtjóra. Þau eru núna komin nokkuð yfir þrítugt en Guðný Erla fór suður þegar hún var fimmtán ára og Róbert þegar hann var níttján ára, og þar kynntust þau - fyrir sunnan. Reyndar má segja að þau hafi alltaf verið með annan fótinn á heimaslóðum allan þann tíma sem þau voru í burtu.

Guðný Erla er dóttir Sigrúnar Margrétar Sigurgeirsdóttur og Guðna Alberts Einarssonar framkvæmdastjóra Klofnings á Suðureyri, og þar er hún fædd og upp alin fram til fimmtán ára aldurs. Þá fór hún til ömmu sinnar og afa í Kópavogi og fór þar í tíunda bekk, sem ekki var í skólanum á Ségunda. Síðan lá leiðin í Verzlunarskóla Íslands og eftir það í verkfræðinámi við Háskóla Íslands.

Foreldrar Róberts eru Guðrún Kristjana Kristjánsdóttir (Kiddý) og Hafsteinn Ingólfsson, sem hafa um árabíl rekið ferðaþjónustufyrirtækið Sjóferðir Hafsteins & Kiddýjar á Ísafirði. Róbert var tvö ár á vélstjórnarbraut í Menntaskólanum á Ísafirði. Síðan fór hann suður til Reykjavíkur í Vélaskóla Íslands og útskrifaðist þaðan þremur árum seinna sem vélfræðingur. Næstu fjögur árin starfaði Róbert sem

vélstjóri úti á sjó, þar á meðal á frystitogaranum Sléttanesi ÍS fyrir vestan. Árið 2000 fór hann í tæknifræðinámi við Tækniskóla Íslands og var þar í eitt ár.

### Fjögur ár í Danmörku

„Þegar Róbert var búinn að vera eitt ár í tæknifræðinni var ég búin að tuða um það í fjögur ár hvort við gætum ekki flutt til útlanda, prófað að eiga þar heima og fara í skóla“, segir Guðný Erla. „Hann sagðist nú alltaf vera Íslendingur sem ætti heima á Íslandi og talaði íslensku, og á Íslandi ætlaði hann að vera. Það tókst samt eftir fjögurra ára fortölur að fá hann til að prófa að búa eitt ár í Danmörku.“

Við fórum sem skiptinemar í eitt ár og ætluðum síðan að koma heim aftur. En þegar við vorum búin að vera úti þetta ár vorum við búin að ná tökum á tungumál-

inu og samfélaginu og hann var mjög ánægður í skólanum, þannig að hann ákvað að klára sitt mastersnám frá Danmarks Tekniske Universitet (DTU) í Danmörku. Ég tók hins vegar mína masterskúrsa sem skiptinemi í DTU, skrifaði lokaverkefnið fyrir Össur hf. á Íslandi með leiðbeinanda frá HÍ og útskrifaðist frá Háskóla Íslands 2005.“

Börn þeirra Guðnýjar Erlu og Róberts eru Elva Rún, átta ára, og Guðni Rafn, fimm ára.

„Það var mikill munur fjárhagslega að vera með fjölskyldu þarna úti og í skóla samanborið við hérna heima. Á Íslandi þurftum við að borga barnapóssun og vera með tvo bíla af því að við vorum hvort í sínum skólanum. Í Danmörku fengum við frítt leikskólalátt fyrir báða krakkana og „endalaus peninga“ frá ríkinu bara fyrir að vera þarna, í formi húsaleigubóta og barnabóta. Það er ákaflega vel gert við námsmenn og ekki spurning fyrir fólk með börn að skoða þennan möguleika til náms.“

Eftir fjögur ár í Danmörku var Guðný Erla búin með sitt nám og Róbert átti bara eftir að skrifa mastersverkefnið sitt í vélaverkfræðinni. „Þá var kominn dálitill heimhugur í mig“, segir Guðný Erla. „Það er ekki hlaupið að því fyrir nýútskrifaðan útlending að fá starf sem verkfræðingur og útiveran í raun orðin þremur árum lengri en ráð var gert fyrir. Við vorum í lítilli fimmtíu fermetra íbúð á stúdentagörðum og krakkarnir orðnir það stórir að farið var að þrengja að öllum heimilismedlimum.“

Annað hvort var að fá annað húsnæði í Danmörku, eða fara heim, og sú varð niðurstaðan. Við söknuðum þess líka að hafa ekki skyldmenni okkar nær okkur og ömmur og afa fyrir krakkana. Við vorum búin að nefna að við gætum alveg hugsað okkur

að flytja til Ísafjarðar og er ekki laust við að okkar nánustu væru þínulítið hissa á því. Í fyrsta lagi leist okkur ekkert á fasteignamarkaðinn í Reykjavík, að koma heim nýútskrifuð úr skóla og ætla að fara að kaupa okkur þriggja eða fjögurra herbergja blokkaríbúð fyrir rúmar þrjátíu milljónir á meðan við gátum keypt einbýlishús á Ísafirði fyrir nánast helmingi minna verð.“

Og það gerðu þau, keyptu sér þetta fina einbýlishús við Miðtúnið á Ísafirði, sem þau hefðu aldrei getað gert fyrir sunnan á þeim tíma.

### Mikið Guðna Geir að þakka

„En þegar við vorum búin að nefna þessa hugmynd að setjast að á Ísafirði, þá nefndi Kiddý þetta eitt sinn við vin sinn Guðna Geir Jóhannesson, og hann hringdi strax í okkur og hvatti okkur eindregið að koma vestur og bauð mér vinnu. Hann lagði mikla áherslu á að fólkið sem hafði flutt burtu til að sækja sér menntun kæmi heim aftur, og við létum slag standa. Ég ákvað að fara að vinna hjá Guðna og Róbert hugðist klára lokaverkefnið sitt. Ég tók við sem framkvæmdastjóri Trésmiðjunnar Hnífsdal um haustið, sem Guðni hafði þá nýverið fest kaup á, og var þar í tæp tvö ár. Róbert fór hins vegar ekkert í lokaverkefnið heldur fór hann beint að vinna hjá fyrirtækinu 3X Stál, sem nú heitir 3X Technology.“

Við erum mjög ánægð, og vorum að hugsa það þegar við ákváðum að flytjast aftur á heimaslóðir, þetta fjaránlega húsnæðisverð sem þá var komið í Reykjavík og allt þetta brjálæði sem við höfðum ekki alveg trú á. Hérna höfðum við skíðasvæðið rétt hjá, allar fjarlægðir svo

stuttar. Góð íþróttastaða fyrir krakkana, og að öllu leyti gott að vera hér með börn. Golfvöllurinn er heillandi. Við erum mjög fegin að hafa valið þennan kost. Alveg sérstaklega núna eins og ástandið er í samfélaginu. Í rauninni má segja, að það sé mikið honum Guðna Geir Jóhannessyni að þakka að við ákváðum að setjast að hérna fyrir vestan“, segir Guðný Erla Guðnadóttir.

### Dreifbýlistúttur ...

Og þegar hér er komið samtalinu er Róbert kominn heim, kófsveittur úr ræktinni.

„Þessi fjögur ár sem við bjuggum úti komum við hingað heim á hverju sumri“, segir hann. „Ég var að vinna hjá Sjóferðum hjá mömmu og pabba sem skipstjóri í farþegaflutningum um Djúpið og norður í Hornstrandafriðlandið, en Guðný Erla leysti af á skrifstofunni hjá Íslandssögu á Suðureyri, þar á meðal Óðin Gestsson framkvæmdastjóra.“

Við höfum alltaf verið svo miklar dreifbýlistúttur að við vildum koma heim og vinna á sumrin. Nema sumarið þegar Guðný Erla var ólétt af Guðna Rafni, þá vann ég, en hún var heima. Það hefur verið ómetanlegt, ekki sist vegna barnanna, að vera svona í nánd við heimahagana og foreldra okkar.“

Róbert nefnir líka, að þegar Guðný Erla var í Verzlunarskólanum á sínum tíma, þá beitti hún á Suðureyri á sumrin. „Og sú kunní sko að beita og beitti marga bala á dag. Ekta Sjúgfríðingur!“

### Ætlar að klára masterinn

Eins og Guðný Erla nefndi átti hún dálítið erfitt með að fá Róbert til að fara til Danaveldis, en hann sér ekki eftir því núna.

„Dvölin þar var mjög lær-

dómsrík lífsreynsla fyrir okkur“, segir hann. „Ég kláraði vélteki-fræðinginn og fór síðan áfram í mastersnám í vélaverkfræði en kláraði aldrei lokaritgerðina. Það stendur til að bæta úr því núna. Ég er búinn að sækja um aftur í DTU til að klára mitt nám og hef fengið inngöngu.“

Róbert vann hjá 3X Stál á Ísafirði í tæp tvö og hálf ár. Núna er hann búinn að vera í tæpt ár hjá útibúi Matis á Ísafirði sem verkefnastjóri í vinnslu- og vöruþróunardeild. Matis er ráðgjafarfyrtæki fyrir sjávarútveg og iðnað og til aðstoðar í margvíslegri þróunarvinnu.

### **Þrautreyndur í íþróttum**

Frá unga aldri hefur Róbert stundað íþróttir og var snemma mikill skíðamaður. Þegar hann fór suður níttján ára gamall var hann búinn að æfa og keppa á skíðum í fjórtán ár. Núna er Guðný Erla í golfinu þegar svo ber undir en Róbert er í þriðrautinni, hleypur, syndir og hjólar. Meðal annars er hann í hlaupahópnum gamalkunna á Ísafirði sem kallast Riddarar Rósu sem stækkar stöðugt og eflist. Auk þess fæst hann við köfun, þó að það sé raunar ekki sportköfun.


„Faðir minn er búinn að vera atvinnukafari hér á svæðinu í tæp þrjátíu ár. Við bræðurnir höfum allir kafað og ég kannski einna mest, ásamt Stefáni Þór bróður sem er yngstur. Ég byrjaði að kafa þegar ég var 16 ára gamall og hef verið að aðstoða kallinn þegar á þarf að halda í gegnum árin.“

### **Forréttindi**

Eins og fram kemur í upphafi er kjarninn í þessu spjalli dæmi af ungu og efnilegu fólki sem leitar sér framhaldsmenntunar syðra og ytra en kemur svo aftur og tapast þannig ekki sínum heimaslóðum. Í því eru falin mikil verðmæti. Og samandregin niðurstaða Guðnýjar Erlu og Róberts er á þessa leið:

„Það eru forréttindi að geta átt heima hér og vera hér með börnin. Við tókum ákvörðun í samræmi við hagsmuni fjölskyldunnar í staðinn fyrir að hugsa um einhvern ótraustan stundarframa í allri þessari vitleysu fyrir sunnan.“

– Hlynur Þór Magnússon.





Leikarahópurinn og aðstandendur sýningarinnar að frumsýningu lokinni. Ljósmyndir: Anton Eðvarð Kristensen.

# Misskilin ást við fyrstu sýn

Þegar fyrst fréttist að Leikfélag Nemendafélags Menntaskólans á Ísafirði ætlaði að setja upp leikrit William Shakespeare „Draumur á Jónsmessunótt“ runnu tvær grímur á undirritaðan. Þá aðallega vegna texta verksins því hann er þungur og mikill, í mjög svo fostum og ljóðrænum skordum. Verkið er langt og krefst mikillar einbeitingar leikara. „Ég elska alla“ með Hjómum kemur upp í hugann þegar horft er á verkið því allir elska alla í leikritinu vegna ráðagerðar Óberóns sem óþekktarangið Bokki nær að klúðra, viljandi eða óviljandi skal ósagt látið. Öryggi aðalleikarana á texta verksins var ótrúlega mikið og er víst að þeir hafa lagt mikla vinnu á sig við að setja verkið upp.

Óberón er gróflega vel leikinn af Sverri Vídalín Ei-

ríkssyni. Raddbeiting Sverris og öryggi í textaflutningi gerði Óberón trúverðugan sem yfir-lætis álfakóng. Bokki fór einstaklega vel í hondum Elínar Sveinsdóttur. Hún náði lævísi og undirferli Bokka sérstaklega vel og gerði hann ógleymanlegan í augum áhorfenda og uppskar mikil hláturskoll. Alberta Gullveig Guðbjartsdóttir sló ekki feilnótu sem álfadrottningin Títanía og var líkt og hún hefði aldrei gert annað en að leika fyrir framan áhorfendur.

Hlutskipti elskendanna fjögurra í skóginum voru ekki of-undsverð að túlka. María Sigríður Halldórsdóttir var mjög góð í hlutverki hinnar ástsjúku Helenu og var tímasetning hennar á kómískum augnablikum einstaklega góð. Í leikhúsi er afar mikilvægt að leikarar haldi áfram með rulluna sama hvað bjátar á og þar fær María Sigríður hrós er hún fípaðist í

eitt skipti á textanum en hélt ótraud áfram þannig að áhorfendur tóku vart eftir. Daði Már Guðmundsson var svo sannarlega sannfærandi sem Lísander. Það á sama við um Daða Má, Sverri Vídalín og Andra Pétur Þrastarson. Raddbeiting og öryggi á textanum var til fyrirmyndar hjá drengjunum og varð leikritið mjög þétt að tilstuðlan þeirra.

Berglind Halla Elíasdóttir var mjög góð í sínu hlutverki sem Heremía og fóru hún og María Sigríður á kostum í óborganlegri slagmálasenu. Ein af fyndnari senum verksins er hlutur Handverksmannanna en þar er þáttur Elmu Sturludóttur stór. Hún fór á kostum sem Spóli og spjátrungslægir tilbúðir og yfirvaxið sjálfsálit Spóla kættu áhorfendur mikið. Fyndnustu hlutverk verksins eru Spóli og Bokki og bjóða þau hlutverk upp á mesta rým-



Elín Sveinsdóttir gerði óþekktarangið Bokka ógleymanlegan í augum áhorfenda.

id fyrir kómíska leiktilburði en það verður ekki tekið af Elínu og Elmu að þær léku hlutverk in einstaklega vel og fór brosið ekki af áhorfendum er þær léku um sviðið.

Hins vegar var afar skemmtileg nálgun leikstjórans að láta handverksmennina vera alla leikna af kvenkyns leikurum. Handverksmennirnir taka sig einstaklega hátölega sem karlkyns leikara og var það þeim mun fyndnara í meðforum Bergrósar Evu, Kloru Dísar, Soru Rósar, Berglindar Ingu og Bylgju Drafnar, að ógleymdri Elmu. Eigeifur, æstur faðir Hermíar, var mjög góður í hondum Benedikts Birkis Hauks-sonar og Andrea Gylfadóttir og Stephen Albert Björnsson voru mjög traust í hlutverki Hippólítu og Þeiseifs.

Tónlistarflutningur var mjög fagmannlegur og er þáttur Ásgeirs Helga Þrastarssonar og Elvu Bjarkar Guðmundsdóttur einstaklega vel unn-in

(svei mér þá ef Ásgeir Helgi stelur ekki senunni í eitt skiptið). Fordun og bún-ingar voru til fyrirmyndar og var einstaklega skemmtilegt að sjá hversu raunverulegt áhugaleikfélag NMÍ er þegar leikarar þustu inn á sviðið til að gera leikmyndina klára á milli atríða og var þar sýnt að allir logðu hendur á plóg til að sýningin gengi hratt og orugglega fyrir sig. Sýningin var mjög þétt, þó sumir leikararnir mættu flýta sér aðeins minna við textaflutninginn, en ef-laust var það frumsýningarstressið sem sagði til sín. Poppkynslóðin fær einnig sinn skerf í leikritinu með óborganlegri tilvísun í Stjornu-stríðsbálk George Lucas. Helga Rakel Rafnsdóttir á hrós skilið fyrir að skila verkinu svona vel. Leikarar stóðu sig vel í hondum góðs leikstjóra.

– birgir@bb.is



Elma Sturludóttir fór á kostum í hlutverki handverksmannsins Spóla.

# Rekstrarkostnaður lækkar

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt lækkun á rekstrarkostnaði sem nemur 107,8 milljónum króna. Er það liður 194,9 milljóna króna hagræðingarkröfu í fjárhagsáætlun fyrir árið 2009. Enn vantar 87,1 m.kr. til að ná þeirri kröfu fram. Frekari tillögur um hagræðingu þarf að útfæra nánar og er stefnt að því að leggja þær fyrir í bæjarstjórn í mars. Hagræðing á framkvæmda- og rekstrarsviði nemur 69,5 milljón króna. Í því felst minna viðhald og breyttur opnunartími á íþróttamannvirkjum sem nemur 12,1 milljónum króna.

Í brunamálum og almanna-vörnum á að lækka launakostnað og hafa minna viðhald sem nemur 4,6 milljónum króna. Í skipulags- og byggingarmálum á að lækka kostnað við aðal- og deiliskipulag um 5,6 milljónir króna. Gjaldtaka í almenningssamgöngum hefst að nýju 1. mars. Sama fyrirkomulag verður haft á og áður í samræmi við samning við verktaka. Boðið verður upp á afsláttarmiða af hálfu verktaka sem fyrr. Áfram verður gjaldfrjálst fyrir nemendur í grunnskóla. Þessi liður nemur 6,9 milljónum króna.



## Ísafjörður.

Minni sláttur og minna viðhald verður í umhverfismálum og af því hlýst 9,4 milljónir króna sparnaður. Í atvinnumálum verða fjárgirðingar og landbúnaðarnefnd sameinaðar og nemur sá liður 1,4 milljónum króna. Í eignasjóði verður almennt viðhald lækkað en af því hlýst 5,4 milljón króna sparnaður. Lækkað viðhald og lækkun launakostnaðar í þjónustumiðstöð færir

sveitarfélaginu 7,1 milljón króna. Lækkaður stjórnunarkostnaður og viðhald í hafnarsjóði er 4,7 milljónir króna og lækkun viðhaldskostnaðar í vatnsveitu 4,3 milljónir króna. Lækkun viðhaldskostnaðar í fráveitu verður 3,7 milljónir króna og endurskipulagning gámasvæða og breytingar á sorphirðu 4,3 milljónir króna.

Hagræðing á skóla- og fjöl-

skyldusviði er 26,3 milljónir króna. Þar af er fækkun úthlutaðra kennslustunda 9,9 milljónir króna. Lækkun framlags til tónlistarskóla 5,8 milljónir króna og minnkun opnunartíma í félagsmiðstöðvum og íþróttatómstunda 8,1 milljón króna 8,1 milljón króna.

Á stjórnsýslusviði verður skorið niður um 12 milljónir króna. Það felst í breytingu á stöðugild-

um á bókasafni sem felur í sér þriggja milljóna króna hagræðingu. Leiðréttingu frá fjárhagsáætlun er varðar húsnæðiskostnað sem nemur fjórum milljónum og lækkun á auglýsingakostnaði sem nemur hálfri milljón króna. Starfsmannabreytingar hjá Fasteignum Ísafjarðarbæjar fela í sér hagræðingu upp á fjórar milljónir króna og sameining menningarmálanefndar 0,5 milljónir króna.



**Við fögnum 10 ára afmæli og bjóðum upp á 15% afslátt af garðahönnun fram að vorjafrændægri, 20. mars n.k.**

**Frágangur við mannvirki**  
**Verndaráætlanir**  
**Rammaskipulag**  
**Svæðisskipulag**  
**Garðar og torg**  
**Umhverfiskerfi**  
**Umhverfismat**  
**Útivistarsvæði**  
**Deiliskipulag**  
**Aðalskipulag**  
**Leiksvæði**  
**Námskeið**  
**Ráðgjöf og fleira**

**Njótum sumarsins í garðinum - [www.teiknistofan.is](http://www.teiknistofan.is) - 456 0160**



## Bloggið

### Ekkert sem fyrr

Verkefnið sem íslensk þjóð stendur nú frammi fyrir eru svo umfangsmikil - svo alvarleg - að íslensk stjórn málaumræða mun aldrei verða söm eftir þá atburði sem átt hafa sér stað í hitasótt frjálshyggjunnar. Já, ég kalla það hitasótt, því það var eins og þeim sem báru ábyrgð á íslensku fjármálakerfi og stjórn málaumræðu væri ekki sjálfrátt.

Í heila tvo áratugi smitaði og gegnsýrði frjálshyggjusóttin allt okkar litla samfélag. Þegar efnahagur þjóðarinnar hrundi og sápu-kúlan sprakk rann það svo upp fyrir okkur að ekki einasta hafði fjárhagur þjóðarinnar beðið skipbrot - siðferðisgildin voru líka hrúnin.

Þessir atburðir hafa breytt allri okkar hugsun. Þeir hafa afhjúpað siðferðisbresti, hugsanaleti, ákvarðanafælni og meðvirkni sem hefur gegnsýrt allt okkar stjórnskipti; alla opinbera umræðu; allt þjóðlífið. Þeir hafa afhjúpað græðgi og misskiptingu af þeirri stærðargráðu að ekki einu sinni í okkar villtustu draumum gátum við gert okkur annað eins í hugarlund.

Ólína Þorvarðardóttir  
<http://olinathorv.blog.is>

### Alvöru lýðræði

Hvers vegna er talað svona mikið um lýðræði á þessum tímum þegar við verðum að þola afleiðingar efnahagsshrúns þjóðarinnar. Er það eitthvað tengt lýðræði? Var ekki allt í lagi með lýðræðið? Fékk ekki þjóðin að kjósa sitt fólk á fjögurra ára millibili hið mesta? Svar mjög margra við þessu er :

„NEI. Við fengum ekki að kjósa okkar fólk. Við fengum að kjósa fólk sem flokkarnir og klíkur þeirra völdu á listana. Valdklíkur í flokkum sem afhentu fiskimiðin, síldarverksmiðju ríkisins, bankana, og margt fleira í hendur vina sinna.“

Þjóðin tengir spillinguna við valdklíkur. Maður nokkur sem hringdi í mig um daginn til að þakka mér fyrir grein sem ég skrifað gerði þetta að umtalsefni við mig. Hann var á þeirri skoðun að lýðveldið hefði þróast út í þingveldi, þaðan yfir í flokksveldi og úr því yfir í flokksklíkuveldi. Margir aðrir hafa tjáð þessa skoðun. Og nú er viðleitni hjá Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra til að bregðast við þessu með persónukjöri en um það er sérstaklega fjallað í verk-efnaskrá núverandi ríkisstjórnar.

Karl V Matthíasson  
<http://kallimatt.blog.is>

### Afturganga Davíðs

Ríkisstjórnin brást, fjármála-efirlitið brást og seðlabankinn brást, eða hvað? Hungur almennings eftir blóraböggjum er skiljanlegt miðað við það sem á undan er gengið. En afhverju Davíð? Sjálfur varðist hann fimlega í kastljósviðtali í kvöld og reyndar gott betur, blés til sóknar. Mörg atriði sem Davíð nefndi eru í rannsókn og munu eflaust upplýsast að henni lokinni. Enda sögðu vísdomsmenn 2008 ár bankahrunsins en 2009 ár uppljóstrana. [...]

Stór hluti þjóðarinnar hefur horn í síðu hans og ákveðinn hópur greinilega gert honum lífið leitt, bæði í vinnu og einkalífi eins og fram kom í kastljósviðtalinu. Hann hefur því í mörgu stöðu sakbornings og sagði það raunar sjálfur í títtnefndu viðtali. Komi í ljós að sannleikur Davíðs sé sá eini sanni er það gríðarlegur áföllisdómur yfir fjölmöldum, mörgum ráðamönnum og ekki endilega bara héraðslendis. Brottrestur Davíðs úr seðlabankanum er kannski neyðarbrauð ráðvilltrar þjóðar en verði svo sé ég enga leið færa fyrir manninn aðra en þá að ganga aftur. Og sú afturganga verður fjölmenn.

Lýður Árnason – <http://lydurarnason.blog.is>



Hermann Gunnarsson. Ljós: dv.is.

# Hemmi Gunn á Aldrei fór ég suður

Hermann Gunnarsson kemur fram á tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður ásamt hljómsveitinni Kraftlyftingu. Hemmi Gunn var á síðustu hátíð og var marg beðinn um að taka lagið. „Ég og föstra mín áttæð vorum á hóteliinu að horfa á hann Ragga Bjarna vin minn og þá voru strákarnir að tuða í mér að taka lagið með sér, Högni í Hjaltalín og fleiri. Þá fannst mér bara of kalt í skemmuni til að taka slaginn. Nú ætla ég að mæta og standa mig,“ segir Hemmi í samtali við Fréttablaðið. Sólóplata Hemma frá 1984, Frískur og fjörugur, hefur öðlast nýtt líf undanfarin ár og lög eins og „Út á gólfíð“, „Fallerí fallera“ og ekki síst „Einn dans við mig“ vekja jafnan upp gríðarlegt stuð þegar þau heyrast. Ljóst má vera að það verður einn af hápunktum hátíðarinnar þegar Hemmi syngur lög-in.

„Mér finnst gaman að vera með ungu og hressu fólki og



Hljómsveitin Kraftlyfting.

finnst alveg frábært framtak að þessi litli staður sé að verða mekka rokksins, þökk sé hátíðinni,“ segir Hemmi. Tónlistarhátíðin fer fram 10. – 11. apríl og hefur fengið þrjá styrki, einn frá

Ísafjarðarbæ upp á 200.000 krónur, 700.000 krónur frá Menningarráði Vestfjarða og 200.000 krónur frá tónlistarsjóði menntamálaráðuneytisins.

– [birgir@bb.is](mailto:birgir@bb.is)

# 77 fyrirtæki í þrot?

Fyrirtækið Creditinfo spáir því að 77 fyrirtæki muni fara í þrot á Vestfjörðum á þessu ári, eða 2,2% af þeim 3.500 fyrirtækjum sem Creditinfo spáir að fari í gjaldþrot á landinu öllu á þessu ári. Ef spáin rætist þýðir það að rúmlega þrettán fyrirtæki fari í þrot á landinu öllu á degi hverjum. Um 30 þúsund fyrirtæki eru skráð hér á landi, og því ríflega tíunda hvert félag á leið í þrot.

Ómar Berg Torfason, greiningarsérfræðingur hjá Creditinfo, segir hlutfallið trúlega mun hærra, þar sem talsverður hluti skráðra félaga sé ekki með virka starfsemi, svokölluð skúffufyrirtæki. Unnið er að greiningu virkra fyrirtækja og út frá því hlutfall fyrirtækja í rekstri sem eru í hættu.

Á tímabilinu frá 2004 til 2007 fóru að meðaltali um 1.150 fyrirtæki í þrot á ári. Það er tæplega

þriðjungur af þeim 3.500 gjaldþrotum sem Creditinfo spáir á árinu 2009. Á síðustu fimm vikum hafa 146 fyrirtæki farið í þrot. Creditinfo skilgreinir þrot þannig að fyrirtækið verði ógjaldfært, lendi til dæmis í árangurslausu fjárnámi eða gjaldþroti. Það eru um sex fyrirtæki á hvern virkan dag, talsvert undir því meðaltali sem Creditinfo spáir fyrir árið allt.

– [birgir@bb.is](mailto:birgir@bb.is)

# Ákvæði um undanþágur frá skatti verður almennt að túlka þröngt

„Líta verður til þess að það væri víðtæk skattaávilnun ef ávallt væri innheimt lægra skatthlutfall af hvers konar mannvirkjum sem upphaflega voru reist í þágu landbúnaðar en óháð því hvort þau tengdust bújörðum eða ekki,“ segir í bréfi Ísafjarðarbæjar til Yfirfasteignamatnefndar en nefndin óskaði eftir umsögn sveitarfélagsins vegna kærnu Björns Jóhannessonar hrl., f.h. Kristjáns Ólafssonar á þeirri ákvörðun Ísafjarðarbæjar að breyta skattlagningu fasteignaskatts á fasteign kæranda að Kirkjubóli 4 á Ísafirði. Ágreiningur kæranda og sveitarfélagsins er um hvort innheimta skatts af fasteigninni fer eftir a-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 eða c-lið laganna. Þær

fasteignir sem falla undir c-lið þarf að borga 1,32% af fasteignamati í skatt en 0,5% af fasteignum sem falla undir a-lið. „Jörðin Kirkjuból 4 er ekki skipulögð undir búfjárhald og engin heimild er til búfjárhalds á jörðinni. Með hliðsjón af framangreindu telst sá búskapur sem þar er stundaður því vera fristunda búskapur. Með vísan til þessa verður ekki talið að umrædd fasteign falli undir bújörð í skilningi a liðar 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995. Gildir einu þótt umrætt fjárhús sé sambærilegt öðrum útihúsum á bújörðum sem nýtt eru í þágu landbúnaðar og falli þar með undir ákvæðið. Auk þess verður að leggja til grundvallar að tilgangur ákvæðis a liðar 3. mgr. 3. gr. sé að styðja þá sem hafa haft



búskap að atvinnu á bújörðum og þurft að reisa ýmis mannvirki, t.d. hloður og fjárhús, í tengslum við það,“ segir í bréfi Ísafjarðarbæjar.

**Stjórnarsýsluhúsið á Ísafirði.** Sveitarfélagið vill að skattlagning fasteignarinnar að Kirkjubóli 4 fari eftir ákvæði c liðar 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveit-

arfélaga, þar sem segir að allar aðrar fasteignir en getið er um í liðum a og b, skuli hafa skatthlutfall allt að 1,32% af fasteignamati.



Pálmi Gestsson.

## Kitlar að komast á línu eða skak

Bolvíska leikaranum Pálma Gestssyni er margt til lista lagt. Síðastliðið sumar gegndi hann stoðu hafnarvarðar í Bolungarvík á meðan bróðir hans, sem sinnir þeirri stoðu, fór í sumarfrí. Pálmi hefur nú lokið námi sem loggiltur vigtarmaður en aðspurður á hann ekki von á því að fá afleysingarstarfið aftur næsta sumar þar sem heimamenn gangi eflaust fyrir í þá stoðu.

„En því er ekki að neita að ég væri til í að vinna fyrir vestan í sumar. Ég ákvað að afla mér réttinda sem loggiltur vigtarmaður vegna reynslunnar sem ég oðlaðist

í fyrra, því maður má aðeins vera einu sinni bráðabirgðavigtunarmaður, ég gerði þetta aðallega að gamni mínu,“ segir Pálmi. Hann segist vera orðinn dauðþreyttur á erlinum og látunum í Reykjavík og væri ekkert á móti því að vinna fyrir vestan í sumar. Tilhugsunin við að komast á línu eða skak kitli hann verulega.

Pálmi á elsta hús Bolungarvíkur og bjó þar síðasta sumar. Hann festi kaup á því árið 2004 og hefur unnið að endurbótum á því s.l. ár og kallar það hálfgezt ættaróðal því hann fæddist þar og ólst upp. – birgir@bb.is



Bolvíkingum fjölgaði mest á Vestfjörðum eða um 58 manns.

## Vestfirðingum fjölgaar um 0,7% milli ára

Íbúum á Vestfjörðum fjölgaði um 49 manns eða 0,7% á síðasta ári. Er það í fyrsta sinn síðan 1981 sem íbúum fjölga í landshlutanum. Samkvæmt nýjum tölum Hagstofunnar voru íbúar fjórðungsins 7.336 um áramótin 2007/2008 en eru nú 7.385 talsins. Þar af eru 3.805 karlar og 580 konur. Mest fjölga íbúum í Bolungarvík eða um 58 milli ára og voru þeir 966 talsins í byrjun árs. Íbúum Reykhólahrepps fjölgaði um þrettán og eru þeir nú 280 talsins. Sömléiðis fjölgaði íbúum Tálknafjarðar um þrettán og eru þeir nú 308. Í Árneshreppi búa 49 manns og hefur þeim fjölgað um einn frá fyrra

ári. Íbúum Kaldraneshrepps hefur fjölgað um sjö og eru þeir nú 110. Ekki varð þó fjölgun í öllum sveitarfélögum. Íbúar Vesturbyggðar eru 900 og hefur þeim fækkað um 28 milli ára. Íbúum Ísafjarðarbæjar fækkaði um fjóra milli ára og voru þeir 3.972 þann 1. janúar. Í Súðavíkurhreppi fækkaði íbúum um tvo og eru þeir nú 212. Í Strandabyggð búa 490 manns og hefur þeim fækkað um níu frá því í fyrra. Íbúar Bæjarhrepps eru 98 sem er sami fjöldi og 1. janúar 2008.

Samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár voru landsmenn 319.368 hinn 1. janúar 2009, en voru 315.459

fyrir ári síðan. Þetta jafngildir því að íbúum hafi fjölgað um 1,2% á einu ári. Árið 2008 fjölgaði íbúum í öllum landshlutum, að frátöldu Austurlandi. Þar fækkaði íbúum frá fyrra ári um 1.153 og teljast nú 12.849. Engu að síður er um fjölgun að ræða ef litið er til síðustu sex ára. Í byrjun árs 2003 voru íbúar á Austurlandi 11.611 og hefur þeim fjölgað frá ársbyrjun 2003 um 1.238 manns eða um 1,7% á ári að meðaltali. Á Suðurnesjum fjölgaði íbúum um 4,3% á árinu og á Suðurlandi um 2,1%. Á höfuðborgarsvæðinu búa nú 63% þjóðarinnar eða 201.251. Það er fjölgun um 1,7% frá fyrra ári.

## smáar

Óska eftir íbúð eða litlu einbýlishúsi til leigu á Ísafirði eða í Hnífsdal. Uppl. í síma 848 6590.

24 ára stúlka óskar eftir íbúð á Ísafirði yfir páskana. Rreglu-semi og góðri umgengni heitið. Uppl. í síma 848 4121.

Hlífarsamsætið verður 8. mars kl. 15 í Frímúrarasalnum. Íbúar á Ísafirði og í Hnífsdal, 70 ára og eldri eru hjartanlega velkomnir.

Til leigu er 2ja herb. íbúð í Kópavogi. Leigist til skemmri eða lengri tíma. Leigist með eða án húsgagna. Uppl. í síma 581 3276.

Spilavíst verður í Guðmundarbúð laugardaginn 7. mars kl. 20:30. Nefndin.

## Vallarstjóri

Golfklúbbur Ísafjarðar leitar að vallarstjóra á golfvöllinn í Tungudal í sumar. Aðalstarf vallarstjóra er að sjá um rekstur og viðhald golfvallarins.

Leitað er að ábyrgum einstaklingi sem hefur þekkingu á umhirðu grassvæða og einhverja kunnáttu af vélavíðgerðum.

Uppl. veitir Tryggvi Sigtryggsson, formaður Golfklúbbs Ísafjarðar í síma 861 7302.



Skíðasvæði Ísfirðinga í Tungudal.

# Eldri borgarar fá ekki frítt á skíði

Íþrótta- og tómstundanevnd telur ekki hægt að verða við beiðni Félags eldri borgara í Ísafjarðarbæ um frían aðgang að skíðasvæði Ísfirðinga í Tungudal. Halldóri Hermannssyni, formanni félagsins, finnst leitt að nefndin skuli ekki geta orðið við beiðninni. Hann segir aðilla innan félagsins vera einstaklinga sem hafi verið á skíðum alla sína ævi og unnið gífurlegt starf fyrir

skíðaþróttina á Ísafirði og enn vel skíðafærir. „Mér finnst þeir eiga fyllilega skilið að fá frían aðgang að lyftunum sem og aðrir eldri borgarar sem hafa áhuga. Þeir eru ekki margir sem hafa áhuga á að fara á skíði að það ætti því ekki að verða mikil blóðtaka fyrir Ísafjarðarbæ. Það mætti alveg prufa að veita eldri borgurum frían aðgang,“ segir Halldór.

Hann sagðist hafa verið mjög fylgjandi þessari tillögu þegar stjórnarformaður félagsins, Björn Helgason, kynnti hana. „Björn er einn besti skíðamaður sem Ísafjörður hefur alið af sér. Hann kynnti tillöguna og ég gat ekki séð að henni myndi fylgja stórkostlegur kostnaður fyrir Ísafjarðarbæ og hefði verið glæsilegt af sveitarfélaginu að koma til móts við eldri borgara með þess-

um hætti,“ segir Halldór. Hann segist ekki sáttur við synjun beiðninar en veitir því skilning vegna efnahagsferðleika sem steðja að bæjarfélaginu.

„Í tilliti þess að menn líti svo á að hvergi megi gefa eftir í neinu þá hafa þeir afsökun. En okkur þykir þykir málið ekki það stórt fjárhagslega að þeir þurfi að setja skorður á það,“ segir Halldór Hermannsson. – *birgir@bb.is*

# Allir sekir?

## Stakkur skrifar

Pólitíkin á Íslandi er stór furðuleg. Meiru gildir að koma einstaklingum frá en að koma einhverju í verk. Stjórnmalameinn verða að skilja að kjósendur vilja fólk sem sýnir sig í því að gera eitthvað en tala minna um hvað aðrir gera lítið eða hve vond annarra verk eru. Einhver allra merkilegasta umræða síðustu vikna er sú sem spratt upp um að fresta kosningum. En skipt var um ríkisstjórn til að flýta kosningum. Halda hæstvartir kjörnir alþingismenn, sem eru sérstakir umboðs- og trúnaðarmenn íslensku þjóðarinnar að hún sé öll svo heillum horfin að engu skipti hvað sagt er.

Æ ljósara verður með hverjum deginum að varðmennirnir sváfu á verðinum. Ríkisstjórnin hafði ekki gát á sér og útrásarvikingarnir, sem bæði hún og forsetinn mærdi, komust upp með það að hafa þjóðina að fifli. Þeir menn sem glansblóðin gleypu við og sýndu í einkaþotum og einkasnekkjum til að espa upp öfund og óánægju almúgans vilja nú ekkert af almenningi vita og hann ekki af þeim nema ef væri á bak við lás og slá. Það væri fróðlegt að kanna tengsl þessara manna við stjórnmalaflokkana. Hvað létu þeir af hendi rakna til að hafa pólitíkusa góða eða að minnsta kosti slæva meðvitund þeirra um það sem var að gerast?

Í þessu ljósi var afar fróðlegt að heyra hvað Davíð Oddsson sagði í síðustu viku og hvernig umræðan þróaðist í framhaldinu. Sé það rétt hjá Davíð að hann hafi bent á það strax árið 2006 hvað

væri að gerjast í banka- og viðskiptalífínu er enn skondnara að sjá hvernig sumir, reyndar flestir, alþingismenn tala og reyna að hvítþvo sig sjálfa af allri ábyrgð um leið og þeir kvarta undan ráðherrarræði. Er alþingismönnum fyrirmunað að láta verkin tala og sameinast um það að færa aðstæður til betri vegar í sameiningu?

Almúginn stynur undan þeim byrðum sem á hann hlaðast. Það er skiljanlegt með meira en fimmtán þúsund manns á atvinnuleysisskrá. Slíku eiga Íslendingar ekki að venjast, en samt sér fárra verka stað til að breyta til betri vegar. Á meðan hamast fyrsti forsætisráðherrann af kvenkyni við það að hreinsa yfirstjórnina úr Seðlabankanum og hefur þegar tekist að sjá til þess að einn þriggja bankastjóranna er á leið frá Íslandi. Vill ekki hæstvartur forsætisráðherra upplýsa þjóðina hvort um hennar einkaframtak undir beljanda af potta- og pönnuglamri er að ræða eða hvort að til dæmis Alþjóða gjaldveyrissjóðurinn hafi gert um það ófrávikjanlega kröfu að þremmenningarnir vikju.

Verst er að meðan stjórnmalameinn koma sér ekki saman þá eru embættismenn reknir út af líkt og gerðist hjá Mao Tse Tung í Kína þegar þeir voru sendir í endurhæfingu út á akrana og aðrir þóknalegir settir í þeirra stað. Vonandi tekst lýðræðisleg endurnýjun alþingismanna betur en þessi lagsetning forsætisráðherra sem miklar væntingar stóðu til.

**Stakkur** hefur ritað vikulega pistla í *Bæjarins besta* í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

## Siglingastofnun tjái sig um sjóvarnir

Samgönguráðuneytið hefur óskað eftir umsögn Siglingastofnunar Íslands á sjóvörnum í Ísafjarðarbæ. Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur lagt áherslu á að Vegagerðin taki nú þegar á sjóvarnarmálum við Pollgötu á Ísafirði. „Byggð á eyrinni á Ísafirði er í hættu vegna sjógangs þar sem sjóvörnin við Pollgötu virkar ekki nægjanlega vel. Auk þess er hæð Pollgötunnar meiri en annarra hluta eyrarinnar þannig að Pollgatan heldur sjó að byggingum á eyrinni eftir að flætt hefur yfir hana. Við þessu þarf að bregðast strax, áður en stórtjón verður“, segir í bókuninni.

Í sterkum sunnanáttum er sjógangur við Pollgötu vandamál. Sjó gefur yfir götuna svo hún verður ófær og vatn flæðir yfir eyrina og inn í hús. Mikilvægt er að bæta sjóvarnir á þessum stað en jafnframt þarf að huga að útsýni og ásýnd eyrarinnar. – *thelma@bb.is*



# Leituðu að neðansjávargjám

Félagar úr Björgunarfélagi Ísafjarðar fóru í kofunarleiðangur um síðustu helgi, rétt innan við Brúðarhamar á Súðavíkurlíð. Sveinbjörn Hjálmarsson fór fyrir hópnum og segir þá hafa kafað sér til skemmtunar og leitað að einhverju skemmtilegu í undirdjúpunum. „Við fundum hins vegar ekkert skemmtilegt. Við fundum einn stóran steinbít, stóran þorsk og fullt af ígulkerum,“ segir Sveinbjörn. Hann segir mest spennandi við kofunina ef þeir rekast á gjá neðansjár. Þeir fóru lengst 250 metra frá landi, og voru þá á 13 metra dýpi og voru í 35 mínútur í sjónum. „Það er mikið af neðansjár klettum á Vestfjörðum og maður er alltaf að reyna að finna einhverja klettaveggi þarna niðri. Klettaveggirnir geyma mikið af spennandi lífríki,“ segir Sveinbjörn. Síðast þegar þeir fóru í slíkan kofunarleiðangur fundu þeir stórt akkeri. Hann segir gott skyggni neðansjár á þessum árstíma. Lítið er um svif og var fimmtán metra skyggni en mest getur skyggnið orðið 30 metrar á þessum árstíma. Sveinbjörn segir kofunarnámskeið fyrir byrjendur og lengra komna fara af stað á næstunni fyrir þá sem hafa áhuga.



Fimm kafarar leituðu að neðansjávargjám.

## Viðhaldið til Ísafjarðar

Viðhald á botnvörpum fyrir stofnmælingar Hafrannsóknastofnunar hefur verið flutt frá Reykjavík til Ísafjarðar. Einar Hreinsson, veidarfæraserfræðingur hjá Hafrannsóknastofnun á Ísafirði, segir Fjarðanet á Ísafirði sjá um viðhaldið samkvæmt samningi við stofnunina og veidarfæraserfræðingur hjá Hafró á Ísafirði hafa yfirumsjón með viðhaldinu. Er viðhald og utanumhald veiðafæra árlagt. Eitt skip frá Hafró fer í rannsóknarleiðangur í mars og tvö á haustin. Sinna þarf viðhaldi og utanumhaldi á veiðarfærum fyrir og eftir hvern leiðangur. Einar segir tvö stöðugildi skapast vegna viðhaldsins.

Átta starfsmenn starfa hjá Hafró á Ísafirði en mikil fjölgun hefur orðið á starfsemi útibúsins s.l. ár og tóku tveir nýir starfsmenn til starfa fyrir áramót. Útibúið hefur umsjón og umsýslu með öllum neðansjávarmyndavélabúnaði Hafrannsóknastofnunar.

# Fjárhagsáætlun Bolungarvíkur samþykkt

Fjárhagsáætlun Bolungarvíkur fyrir árið 2009 hefur verið samþykkt með fjórum atkvæðum en þrjár bæjarfulltrúar sátu hjá. Helstu breytingar á gjaldskrá og fjárhagsáætlun frá fyrri umræðu eru þær að tekjur frá Jöfnunarsjóði eru áætlaðar 132,7 milljónir króna í stað 138 milljóna króna. Munar þar mest um

að fasteignaskattsjöfnun lækkar um 4 milljónir og útgjaldajöfnunarframlag er áætlað 1,3 milljónum lægra en í frumvarpinu til fyrri umræðu. Styrkur vegna þróunarverkefnis á sviði þjónustu við íbúa af erlendum uppruna er hækkaður úr tveimur milljónum í fjórar milljónir, en samningur við félagsmálaráðuneytið þess

efnis var undirritaður í síðustu viku.

Reiknað er með að almenn hafnargjöld hækki um eina milljón króna, vörugjöld hækki um 650 þúsund krónur og aðrar tekjur hækki um eina milljón frá fyrri frumvarpi. Tekjur aðalsjóðs hækki um eina milljón vegna hækunar á þátttöku hafnarinnar

í skrifstofu- og stjórnunarkostnaði. Gert er ráð fyrir að niðurgreiðslur vegna vistunar barna hjá dagmæðrum verði 2,7 milljónir króna á árinu, sem ekki var reiknað með í fyrri frumvarpi. Gert er ráð fyrir að 1,5 milljón meiri sparnaði í áhaldahúsi og eignasjóði en gert var ráð fyrir við fyrri umræðu. Gjöld hafnarinnar vaxa um eina milljón króna vegna þátttöku í skrifstofukostnaði. Aðrar breytingar eru óverulegar frá fyrri umræðu.

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að skatttekjur sveitarfélagsins

verði 317 milljónir króna. Þar af er útsvarið 287 milljónir og fasteignaskattur 30 milljónir. „Búið er að fara yfir stöðuna, greina vandamál og leggja til lausnir. Bæjarfulltrúar sýna ábyrgð með því að standa saman að erfiðum ákvörðunum sem ekki verður komist hjá að taka. Rétt er að hafa hugfast að þær áætlanir sem bæjarstjórn hefur sett fram miða allar að því að gera stöðu byggðarlagsins betri þegar til lengri tíma er litið“, segir í stefnuræðu bæjarstjóra en hana má nálgast á vef Bolungarvíkur.

## Ellefu gefa kost á sér í prófkjöri Samfylkingarinnar

Ellefu manns hafa gefið kost á sér í prófkjör Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi fyrir alþingiskosningarnar vorið 2009. Prófkjorið verður rafrænt og hefst á hádegi föstudaginn 6. mars og líkur kl. 16 sunnudaginn 8. mars. Vonast er til að niðurstöður prófkjörsins liggi fyrir um kl. 18 sama dag. Rétt til þátttöku í prófkjörinu hafa allir félagar í Samfylkingunni í Norðvesturkjördæmi sem eru kjörgengir í kjördæminu. Við röðun á lista verður parað í 6 efstu sætin, þannig að ávallt verði karl og kona í hverjum tveimur

sætum, ráðað eftir atkvæðamagni í prófkjöri.

Frambjóðendur eru:

Anna K. Gunnarsdóttir, varaþingmaður Sauðárkróki – 2. sæti.

Arna Lára Jónsdóttir, stjórnmálafræðingur og bæjarfulltrúi Ísafirði – 2.-3. sæti.

Ásdís Sigtryggsdóttir, vaktstjóri Akranesi – 4.-6. sæti.

Einar Benediktsson, verkamaður Akranesi – 3.-6. sæti.

Guðbjartur Hannesson, alþingismaður Akranesi – 1. sæti.

Hulda Skúladóttir, kennslu- og námsráðgjafi Snæfellsbæ – 5.-6. sæti.

Karl V. Matthíasson, alþingis-

maður Miðhrauni II í Miklaholtshreppi – 1.-2. sæti.

Ólína Þorvarðardóttir, þjóðfræðingur Ísafirði – 1.-2. sæti.

Ólafur Ingi Guðmundsson, stjórnmálafræðingur Akranesi – 5.-6. sæti.

Ragnar Jörundsson, bæjarstjóri Vesturbyggð – 2.-3. sæti.

Þórður Már Jónsson, viðskiptalögfræðingur Bifröst – 3. sæti.

Nánari upplýsingar um prófkjörið er hægt nálgast hjá Eggerti Herbertssyni, formanni stjórnar kjördæmisráðs Samfylkingarinnar í NV-kjördæmi, í síma 617-8306.

## Verðskrá hitaveitu hækkar

Verðskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur hækkaði um 7% frá 1. mars síðastliðnum. Í tilkynningu frá Orkubúinu segir að hækkanin sé rökstudd með vísan til verðlagshækkana frá síðustu breytingu verðskrárinnar. Vísitala byggingarkostnaðar hefur hækkað um 23,6% síðustu 6 mánuði og vísitala neysluverðs um 8,4%. Tengingjöld verða óbreytt að sinni.

Orkubú Vestfjarða boraði vinnsluhölu fyrir heitt vatn í Tungudal við Skutulsfjörð á haustmánuðum s.l. árs. Borverkið kostaði um 175 milljónir króna en árangur af boruninni varð því miður enginn. Gert er ráð fyrir að lán Orkusjóðs til verksins að upphæð 102 Mkr. verði fellt niður en mismuninn 73 Mkr. verður Orkubú Vestfjarða að taka á sig. – thelma@bb.is



## Vatnskanna eftir Ólöfu Björk Oddsdóttur

Ólöf Björk Oddsdóttir leirlistakona á Ísafirði lagði í fyrstu stund á textílnám við listiðnaðarskólann Capellagården á Ölandi í Svíþjóð, en nam síðan leirkeragerð við sama skóla á árunum 1983-85. Skóli þessi á engan sinn líka, en hann var stofnaður af sænska arkitektinum og heimspekingnum Carl Malmsten. Leirmuni eftir Ólöfu er að finna víða um heiminn.

„Ég fæ oft hugmyndir að hlutum þegar ég er að gera eitthvað allt annað en leira. Þá er um að gera að rissa þær á blað svo maður gleymi þeim ekki. Ég á mjög margar hugmyndir að hlutum á blaði. En best er að setjast strax niður og gera þær, þá eru þær lifandi og spennandi. Það er ekki eins ferskt að setjast niður nokkrum dögum seinna og rifja hugmyndina upp. Þá er neistinn ekki eins.“

Ferlið frá hugmynd að fullbúnum hlut í leirkeragerð er langt og flókið. Fyrst renni ég hlutinn úr mjúkum leir sem þornar í nokkra klukkutíma, þá rennir

maður af honum og lagar botninn. Þá þarf hann að þorna í minnst viku, það fer eftir þykkt. Eftir það er hann hrábrenndur upp í 950-1000 gráður, fer eftir leirgerð hversu hitastigið er hátt. Eftir þetta er hluturinn svo glerjaður og brenndur aftur, þá upp í 1050-1300 gráður. Eftir þetta er svo hægt að gylla og brenna svo aftur eða sóta í kúaskít og mó eða sagi. Síðan eru til alls konar brennsluáferðir mjög skemmtilegar, svo sem raku-brennsla og saltbrennsla með alls konar tilbrigðum. Þetta gerir leirinn svo skemmtilegan.

Ég geri næstum bara nytjahluti

### Hönnun mín

og sé alla hluti sem ég geri þannig, en samt er svolítill skúlptúr í þeim öllum. Stundum tekur dálítinn tíma að sjá og sættast við það sem kemur úr ofninum, glefningur ekki orðið eins og til stóð



eða eitthvað svoleiðis. Á myndinni er vatnskanna í formi sem mér líkar mjög vel, hún stendur vel, er traustvekjandi og falleg. Kannan er úr rauðum jarðleir með hvítum þekjandi glerungi.“



Mótor innan í ásnum slær grasið umhverfis kúluna.

## Ás með innbyggðum illgresistætara

Kylfingar kannast eflaust flestir við að blóta því þegar kúlan lendir í háu grasi. Þeir þurfa þó ekki að örvænta lengur því í Bandaríkjunum hefur verið fundið upp mikið þarfaping fyrir alla golfara: **utan úr heími** Big daddy driver með innbyggðri sláttuvél. „Hann lítur út eins og venjulegur ás en Big daddy driver hylur leynivopn innra með sér – illgresistætara!“ segir á heimasíðu þessa þarfapings hvers kylfings. Á vefnum kemur fram að ásin sé ekki eingöngu til að nota á golfvöllinum heldur geri hann garðvinnuna mun ánægjulegri. Nánari upplýsingar er að finna á bigdaddydriver.com.



## Blóðsugur til bjargar

Nýlega var greint frá því í fjölmiðlum að skurðlæknar notuðu blóðsugur þegar þeir festu hönd aftur á mann sem varð fyrir hákarlaárás á Bondi ströndinni í Sydney og náðu þar með að bjarga hendinni. Segja lækarnir að um lítið **utan úr heími** kraftaverk hafi verið að ræða.

2,5 metra langur hvítur hákarl réðst á Glenn Orgias, 33 ára brimbrettakappa, í sjónum við Bondi ströndina í síðasta mánuði. Orgias var fluttur tafarlaust á sjúkrahús en minnstu munaði að höndin losnaði alveg af en hún hékk á þremur sentímetrum af húð. Þrátt fyrir að litlar líkur væru á að það væri hægt tókst að festa höndina aftur á Orgias og með því að nota blóðsugur var hægt að koma blóðstreyminu aftur í gang.

Á öldum áður voru Hirudo medicinalis, tegund igla, notaðar voru til að taka blóð úr sjúklingum. Iglurnar sprautuðu efni í blóðið sem olli því að það storknaði síður. Þeir sjúkdómar sem ollu því að húðin roðnaði, eins og hiti og bólgur, voru taldir stafa af því að of mikið blóð var í líkamanum. Fyrsta skráða notkun blóðsuga í lækisfræði var árið 200 fyrir Krist. Upp frá því voru iglur notaðar víða í tengslum við lækningar en það dró úr notkun þeirra á síðustu öld. Nú hafa læknar tekið upp á því að nota iglur á ný en þær þykja afar nýtsamlegar, til dæmis þegar koma á í veg fyrir blóðkekki og við lýtalækningar.

## Margslunginn laxabakstur

Sælkeri vikunnar býður upp á spennandi og gómsætan laxarétt með framandi ívafi. Í honum er meðal annars að finna karrý, kókosmjólk og límónusafa. Einnig býður Ólafía upp á heimilislega og ljúffenga bláberjaböku með eplum.

### Margslunginn laxabakstur

2 msk ólífuolía  
200 g spinat ferskt eða frosið  
1 tsk salt  
¼ tsk pipar  
½ sæt kartafla rifin gróft  
2 gulrætur rifnar gróft  
2 dl kókosmjólk  
1 tsk rautt karrýmalk  
1 msk fiskisósa  
½ límóna safi  
1 tsk hrásykur  
Lax

Setjið ólífuolíuna í stórt eldfast fat og smyrjið botninn. Setjið spinat á botninn Raðið laxasneiðunum þar ofan á og saltið og piprið. Flysjið sætu kartöfluna og gulræturnar rífið gróft og dreifið yfir fiskinn. Blandið saman kókosmjólkinni, karrýmalkinu, fiskisósunni, límónusafa og hrásykri. Hellið yfir fiskinn. Bakið við 200° C í 30

2. stk egg  
1 dl sykur  
3. msk hveiti  
1. tsk lyftiduft  
Hrært deig

### Fylling

2 stk epli afhýdd og skorin í báta  
200 g aðalbláber eða bláber  
Smurt eldfast form

# Sælkerinn

mín.eða þar til rétturinn (laxinn) hefur tekið aðeins lit. Berið fram með hrisgrjónum og fersku salati.

**Bláberjabaka**

Eplin sett í botninn stráð kanil-sykri. Þar næst berin og strá kanil-sykri og síðast hrærða deigið. Bakað í 30 mín á 180° C. Berið



**Sælkerar vikunnar Ólafía Aradóttir á Ísafirði.**

bókuna fram heita eða volga með ís eða tjöma.  
Ég skora á Sveinfríði Hávarð-

ardóttur á Ísafirði til að vera næsti sælkeri vikunnar.

# Sóknarbandið



**Sóknarbandið í poppmessu í Flateyrarkirkju. Frá vinstri: sr. Fjölur Ásbjörnsson, Ívar Kristjánsson og Valtýr Kristjánsson. Á myndina vantar fjórða meðliminn, Jón Svanberg Hjartarson. Ljós: Ágúst Atlason, www.gusti.is.**

Sóknarbandið er nýjasta hljómsveitin á norðanverðum Vestfjörðum. Hana skipa sr. Fjölur Ásbjörnsson, bassaleikari, Valtýr Gíslason, gítarleikari, Jón Svanberg Hjartarson trommari og Ívar Kristjánsson söngvari. Hljómsveitin var stofnuð af Fjölnir flutti vestur og tók við stöðu sóknarprests í Holti í Öndarfirði. Hann hafði áður verið í ungl-

ingahljómsveitinni Segulbandinu á Sauðárkróki og gegndi þar stöðu bassaleikara og síðar söngvara. Fjölur segir bandið hafa gengið í gegnum manna- og stefnubreytingar og endað sem hljómsveitin John Wayne frá Sauðárkróki. Síðan eru liðin mörg ár og Fjölur fannst tími til komin að stofna nýtt band. Hann hófaði í Valtý, sem hann hafði

þekkt í nokkurn tíma, og fékk hann með sér í bandið. Ívar og Jón Svanberg fylgdu svo í kjölfarið.

Valtýr og Ívar voru saman í hljómsveitinni Bleikir fílar sem gerði garðinn frægan á Vestfjörðum og víðar. Þeir segjast hafa mest gaman af því að hittast reglulega og spila saman og eru með frumsamið efni í bland við

cover-lög og stefna að því að taka þau upp í stúdíóinu Tanknum í Öndarfirði. Þeir hittast á hverjum mánudegi klukkan 20 og í gamla flugsýlinu í Holti. Við litum við á æfinguna hjá þeim þar sem vantaði Jón Svanberg og Fjölur sat fyrir svörum og náði að koma boðskap sveitarinnar til skila.

– Hvað heita frumsömdu lögin ykkar?

„Þau heita Gakk hægt og Sporin þín. Þau fjalla öll um að ganga eitthvert.“

– Hver semur textana?

„Ég hef gaman af því að semja lög en fæ textana frá færum skáldum. Davíð Stefánsson á báða textana.“

– Hvenær á að fara í hljóðver?

„Ef við náum að æfa vel þá gætum við kannski tekið upp á þessu ári. En við erum svo sem ekki undir neinni pressu.“

– Þið eruð ekki á einhverju „deadline-i“ hjá einhverri út-gáfu?

„Nei alls ekki. Það gæti hugsast að vinir og vandamenn fengju eintak af lögunum.“

– Hvernig myndu þið lýsa tónlistinni?

„Þetta er þjóðlaga- og blústónlist. Svo erum við rokkarar í okkur og getum ekki alveg haldið aftur af rafmagnsgítarum. Ég myndi ekki segja okkur vera diskó-gaura.“

– En hvernig tónlist hlustið þið á sjálfir?

„Kemur nú þessi spurning enn eina ferðina,“ segir Fjölur og hlær. „Ég er mikið fyrir blús- og þjóðlagatónlist. En ég er líka með sterk þungarokksáhrif sem hafa fylgt mér í gegnum tíðina. Það er alltaf hægt að nefna Led Zeppe-

lin, AC/DC, Iron Maiden, Leonard Cohen, Bubba Morthens og fjölmarga aðra.“

– En nú er þungarokkstónlistin með ekkert alltof bjartsýnan boðskap oft á tíðum og lengi vel var hún talin renna undan rifjum djöfulsins. Hvernig nálgast þú þungarokkið sem prestur?

„Það er ágætt að þú spurðir að þessu því þungarokkið hefur stundum fjallað um myrku hlið lífsins, en lífið er náttúrulega ljós og skuggi. Þó að umfjöllunar-efnið sé dimmt þá þarf ekki að vera að tónlistin sé vond, það er mín skoðun. Svo er til vont þungarokk og afleit diskó-tónlist. Ef tónlistin er góð þá skiptir það ekki höfuðmáli.“

– En hvenær forst þú að leika á bassa?

„Það var upp úr fermingu þegar ég hóf að leika á bassa. Svo tók ég langa pásu frá bassaleiknum. Síðan fyrir tveimur árum ákvað ég að kaupa mér bassa. Ég vissi af manni sem átti bassa í kjallaranum hjá sér og ég bauð í hann og fékk hann á fínu verði. Þess má geta að hann er 25 ára gamall.“


– En nafnið Sóknarbandið, hvaðan kemur það?

„Strákunum fannst liggja beinast við að nefna bandið Sóknarbandið af því ég er því. Mér datt í hug nafnið TF-Stuð, af því við æfum í flugsýlinu í Holti. En við ákváðum að hafa það sóknarbandið.“

– En hver eru áformin um spilamennsku á árinu?

„Það sem er á planinu er strandveisla í Holti. Ég er búinn að bóka okkur þar.“

– birgir@bb.is



**20%  
afsláttur**

Nautagúllas  
Kjötborð

**1.588 kr/kg**

Verð áður 1.985 kr/kg

## Frábær tilboð!

**20%  
afsláttur**

Lausfryst ýsa  
beinlaus og roðlaus  
**638 kr/kg**  
Verð áður 797 kr/kg

**30%  
afsláttur**

Ýsubitar 1kg  
bein- og roðlausir  
**699 kr/pk.**  
Verð áður 998 kr/pk.

**36%  
afsláttur**

Mexico kjúklingaleggir  
**447 kr/kg**  
Verð áður 699 kr/kg

**20%  
afsláttur**

GODI  
Smágrís 1/2 í kassa  
**558 kr/kg**  
Verð áður 698 kr/kg

**25%  
afsláttur**

Coop franskar 900g  
**367 kr/pk.**  
Verð áður 489 kr/pk.

**23%  
afsláttur**

Coop hvítlauksbrauð 2 í pk.  
**230 kr/pk.**  
Verð áður 299 kr/pk.

**23%  
afsláttur**

Coop eplasafi 1l  
**199 kr/stk.**  
Verð áður 259 kr/stk.

**Grillaður kjúklingur  
franskar og 2l Coke**

**1.298 kr.**

Tilboðið gildir fimmtudag og föstudag

Gildir 5. - 8. mars  
Birt með fyrirvara um prentvillur

**Samkaup úrval**

ÍSAFJÖRÐUR